# FRÉTTABLAÐIÐ

276. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 25. NÓVEMBER 2015




Verkefnið Eldheimar, sem er gosminjasýning í Vestmannaeyjum, fékk verðlaun Hönnunarmiðstöðvar í gær. Ragnheiður E. Árnadóttir iðnaðarráðherra veitti verðlaunin. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Fréttablaðið í dag




**MARKAÐURINN** Norska olíukreppan nær til Íslands. Dregið hefur saman með launum heilbrigðisstarfsfólks á Íslandi og í Noregi.

**SKOÐUN** Er hefð að níðast á lífeyrisþegum? spyr Guðmundur Magnússon. 10-11

**SPORT** Stelpurnar ætla að gefa Slóvakíu leik í Höllinni. 14

**LÍFIÐ** Naut Stefáns Mána verður sjónvarpssería í leikstjórn Baldvins Z 24-26

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● LÍFIÐ**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

# 21 óvænt dauðsfall á árinu

**Tilkynningum um alvarleg atvik í íslensku heilbrigðiskerfi til Embættis landlæknis hefur fjölgað mikið síðustu tvö ár. Það sem af er ári hafa 25 alvarleg atvik verið tilkynnt. Árið 2014 voru þau 33 talsins.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Það sem af er ári 2015 hafa 25 alvarleg atvik í íslensku heilbrigðiskerfi verið tilkynnt til Embættis landlæknis.

Af þessum 25 atvikum leiddi 21 atvik til andláts, ýmist strax eða sem líkleg afleiðing skömmu síðar.

Í nær öllum tilvikum var um að ræða samverkandi þætti eða röð atvika sem leiða til þess að alvarlegt atvik á sér stað. „Oft er hreinlega um að ræða atvik sem erfitt er að koma í veg fyrir, svo sem þegar um er að ræða fall eða byltu. Þá má rekja sum atvikanna til þess að upplýsingamiðlun er ekki nægilega góð vegna þess að samskipti milli starfsfólks eru ekki nægilega markviss," segir í svari landlæknisembættisins við fyrirspurn Fréttablaðsins um ástæður atvikanna.

Alvarlegum atvikum sem koma á borð landlæknis hefur fjölgað mikið síðustu ár. Árið 2014 voru þau 33, árið 2013 voru þau átta, og árið 2011 og 2012 níu. Embættið telur fjölgunina einungis vera vegna þess að vakin hefur verið athygli á tilkynningaskyldu heilbrigðisstarfsmanna.

Verði óvænt dauðsfall á heilbrigðisstofnun eða annars staðar þar sem heilbrigðisþjónusta er veitt, sem ætla má að rekja megi til mistaka, vanrækslu eða óhappatilviks við meðferð eða forvarnir vegna sjúkdóms, skal auk tilkynningar til landlæknis skv. 1. mgr. tilkynna það til lögreglu í samræmi við ákvæði laga um dánarvottorð, krufningar o.fl.




Í úttekt Fréttablaðsins á greiningu alvarlegra atvika á Landspítalanum kom fram að árlega eru fjögur til sex alvarleg, óvænt atvik og óvænt dauðsföll á Landspítalanum tilkynnt til lögreglu. Ákæra hefur verið gefin út í einu máli og er það mál fyrir dómi þessa dagana. Þá er starfsfólk Landspítalans uggandi og segir þöggun um mistök óhjákvæmilega ef tilkynning um mistök verður til þess að fólk endar í réttarsal.

Lög um lýðheilsu eru skýr að þessu leyti en samkvæmt þeim eiga allir heilbrigðisstarfsmenn að skrá óvænt atvik sem verða hjá þeim á stofnun eða starfsstofu. Tilgangur með þeirri skráningu er að finna skýringar á atvikunum og leita leiða til að þau endurtaki sig ekki. – **kbg**




## Veður




**Í dag** verður frekar róleg sunnanátt. Það verður snjókoma eða slydda á Suður- og Vesturlandi, en seinnipartinn breytist úrkoman í rigningu. Um kvöldið verður vindur 8 til 15 m/s. Á Norður- og Austurlandi verður bjart og kalt framan af degi.

**SJÁ SÍÐU 18**



**Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra segir þróunina uggandi.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Minnst varið til nemenda hér

**MENNTAMÁL** Ný OECD-skýrsla sýnir að heildarútgjöld hins opinbera á hvern háskólanema eru ríflega helmingi lægri hér á landi en í Noregi. Íslenska ríkið ver 9.377 Bandaríkjadölum árlega, eða ríflega 1,2 milljónum króna á hvern háskólanema en það norska 20.016 Bandaríkjadölum, eða ríflega 2,6 milljónum króna.

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra segir að það hafi skort fjármagn með þeirri fjölgun sem varð á nemendum í háskólunum eftir hrun. Hann segir þetta hættulega þróun sem ógni efnahagslegri velferð þjóðarinnar.

„Stefnumörkun af hálfu ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir að á næstu árum verði íslenska háskólastiginu komið á svipaðan stað og háskólakerfi Norðurlandanna hvað varðar fjármagn. Á næstu árum er augljóst að það þarf að bæta við verulegu fjármagni til háskólanna til þess að tryggja að sambærilegir fjármunir séu á bak við hvern nemanda því það er ekki hægt að ætlast til þess að gæði okkar háskólakerfis séu sambærileg þeim sem eru á Norðurlöndum. Ef við ætlum að hafa sömu lífskjör hér þá verðum við að fjárfesta í menntun.“ **– snæ**

# Hundraða milljóna tjón á Selfossi



**„Við erum öll í sjokki, en erum þakklát starfsfólki slökkviliðsins fyrir hvað það stóð sig vel á vettvangi, vann algjört þrekvirki,“ segir Axel Óli Ægisson, framkvæmdastjóri Plastiðjunnar. Húsnæði fyrirtækisins brann í fyrrakvöld og Axel segir tjónið hlaupa á hundruðum milljóna. Talið er að kviknað hafi í út frá rafmagni. Slökkviliðsmenn unnu að því í gær að slökkva glæður.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Gíslar frelsaðir í Frakklandi

**FRAKKLAND** Misheppnað bankarán í bænum Roubaix í gær snerist upp í umsátur lögreglu um heimahús, þar sem vopnaðir menn höfðu hreiðrað um sig og tekið gísla.

Einn gíslatökumannanna var sagður hafa látið lífið í átökum við lögregluna og annar handtekinn. Ekkert benti til þess að atburðirnir tengdust hryðjuverkaárásunum í París. Lögregla hafði mikinn viðbúnað, enda hættustig í landinu í hámarki frá hryðjuverkunum.

Samkvæmt staðarblaðinu La Voix du Nord hófst þetta allt saman með því að bankamaður var tekinn í gíslingu. Vitni sögðust hafa heyrt hleypt af skotum.

Eftir það upphófst eftirför lögreglu við mannræningjana, og lauk því með skotbardaga við lögreglu. Á endanum ruddust ræningjarnir inn í íbúð þar sem íbúarnir voru einnig teknir í gíslingu. Gíslarnir eru sagðir hafa verið fjölskylda bankamannsins, sem fyrst var tekinn í gíslingu **- gb**

# Fá rafmagnsreikning í stað ókeypis hitaveitu

**Forstöðumaður Sveinssafns telur HS veitur hafa lagt 83 milljóna króna rafstreng í Krýsuvík í von um leyfi fyrir djúpborun. Safnið sé „peð á skákborði átaka út af orkuvinnslu“. Enginn samningur um frían hita til Sveinssafns, segir forstjóri HS.**

**HAFNARFJÖRÐUR** Forstöðumaður Sveinssafns í Krýsuvík segir HS veitur hafa, án þess að gera viðvart, lagt á ráðin í tvö ár um að loka fyrir heitt vatn til húshitunar í safninu og selja því rafmagn í staðinn. Það muni kosta um 500 þúsund krónur á ári. Safnið geti ekki borið þann kostnað og óski eftir styrk frá bænum.

„Með nánast engum fyrirvara var okkur tilkynnt um að aðgengi að jarðhita væri liðin tíð í Krýsuvík og að við yrðum þess í stað að kynda Sveinshús með rafmagni,“ segir í bréfi Erlends Sveinssonar, forstöðumanns Sveinssafns, til bæjarfulltrúa og bæjarstjórans í Hafnarfirði.

„Það undarlegasta í því máli,“ heldur Erlendur áfram, „er að í tvö ár hafði það verið ætlun HS veitna að knýja á um þessa rafmagnsupphitun samkvæmt bréfi forstjóra HS veitna til bæjarstjóra Hafnarfjarðar en aldrei á þeim tíma var okkur gert viðvart. Það liggur því við að það megi taka svo til orða að þeir hafi í skjóli nætur lagt rafstreng frá Hafnarfirði og upp eftir í því augnamiði.“

Erlendur segir að lagning rafstrengsins hafi kostað 83 milljónir króna. „Okkur finnst með nokkrum ólíkindum að Sveinssafn og Krýsuvíkursamtökin séu ástæðan fyrir 83 milljón króna fjárfestingu HS veitna í Krýsuvík án þess að á það hafi verið minnst við okkur,“ segir í bréfi hans.

„Eða getur hugsast að þessi fjárfesting hafi miklu fremur verið hugsuð fyrir framkvæmdir við djúpholuborun sem lengi hefur verið á dagskrá í Krýsuvík fremur en að til hennar hafi verið stofnað með okkar hagsmuni í huga. Að við séum kannski eins konar peð á skákborði átaka út af orkuvinnslu, vegna þess að HS veitur hafa einungis fengið rannsóknarleyfi en ekki vilyrði fyrir áframhaldandi framkvæmdum þegar rannsóknum lýkur?“ spyr forstöðumaður Sveinssafns í bréfinu.



**Erlendur Sveinsson, forstöðumaður Sveinssafns, reyndi að bjóða HS veitum listaverk að láni upp í rafmagnsreikninginn en varð ekki ágengt.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Af hverju Sveinshús fékk fría hitaveitu allan þennan tíma veit ég ekkert um.**
>
> Júlíus J. Jónsson, forstjóri HS veitna

Júlíus J. Jónsson, forstjóri HS veitna, segir að verið sé að loka borholu sem virkjuð hafi verið af Hitaveitu Krýsuvíkur í kring um árið 2000. Að baki hitaveitunni hafi verið Lionsklúbbar og fleiri. Það hafi snúist um meðferðarheimilið í Krýsuvík og ekki um Sveinssafn.

„Af hverju Sveinshús fékk fría hitaveitu allan þennan tíma veit ég ekkert um. Það er enginn samningur um það,“ segir Júlíus sem kveður Hitaveitu Suðurnesja hafa keypt Hitaveitu Krýsuvíkur og þá tekið við skuldbindingum gagnvart meðferðarheimilinu. Rafmagn hafi verið framleitt með dísilvélum og selt á fimmföldu undirverði og heitt vatn hafi komið úr borholunni.

„Holan var gjörónýt og orðið glæpsamlegt að senda menn til að laga hana. Þetta gat sprungið í andlitið á þeim hvenær sem var,“ segir Júlíus. Þegar Vatnsskarðsnámur hafi óskað eftir rafmagni til sín hafi verið kominn strengur hálfa leið í Krýsuvík. Ákveðið hafi verið að framlengja hann þangað.

„HS Orka var með þá skuldbindingu að sjá meðferðarheimilinu fyrir hita og rafmagni og þetta var bara ódýrasta leiðin – þótt ekki væri hún ódýr,“ segir Júlíus.

Júlíus segir óljóst hvort virkjað verði í Krýsuvík, en rafmagn sé komið þangað ef svo verður. **gar@frettabladid.is**






Geysir Skólavörðustíg 7 & 16, Haukadal og Akureyri. Sími 519 6000 — geysir.com

# Rússnesku flugmennirnir skotnir á leið til jarðar í fallhlífum

**TYRKLAND** Uppreisnarmenn úr sveitum Túrkmena í Sýrlandi drápu tvo rússneska herflugmenn þegar þeir svifu til jarðar í fallhlífum sínum, eftir að Tyrkir höfðu skotið niður þotu þeirra.

Túrkmenar hafa tekið þátt í uppreisninni gegn Bashar al Assad Sýrlandsforseta, en rússneski herinn hóf í haust loftárásir á uppreisnarsveitir í Sýrlandi. Rússar hafa verið gagnrýndir fyrir að sprengja jafnt á yfirráðasvæðum hryðjuverkamanna og hófsamra uppreisnarmanna.

Túrkmenar hafa notið aðstoðar frá Tyrklandi, og líta á Tyrki sem helstu bandamenn sína.

„Við skutum flugmennina meðan þeir voru að lenda í fallhlífum sínum. Lík þeirra eru hérna,“ er haft eftir Alpaslan Celik, yfirmanni í uppreisnarsveitum Túrkmena í Sýrlandi, á fréttavef tyrkneska dagblaðsins Hurriyet.

Hann fullyrðir að rússneska herþotan, sem skotin var niður, hafi gert árásir á sveitir Túrkmena.

Vladimír Pútín Rússlandsforseti sakaði í gær Tyrki um að aðstoða hryðjuverkamenn í Sýrlandi, eftir að tvær tyrkneskar herþotur skutu niður rússnesku herþotuna.

> **Við munum aldrei líða slík grimmdarverk**
>
> Vladimír Pútín forseti Rússlands



Hann spurði enn fremur hvort Tyrkland vilji að Atlantshafsbandalagið þjóni Daish, samtökunum sem nefna sig Íslamskt ríki.

Tyrkir segja rússnesku þotuna hafa farið án leyfis og án þess að ansa fyrirspurnum inn í tyrkneska lofthelgi. Rússneskar herþotur hafi raunar gert þetta ítrekað undanfarnar vikur.

Pútín segir að þetta atvik muni hafa alvarlegar afleiðingar fyrir samskipti ríkjanna tveggja. „Við munum aldrei líða slík grimmdarverk,“ sagði Pútín.

Tyrkir og Rússar hafa haft mikil efnahagsleg tengsl. Rússland er það ríki sem Tyrkland á í mestum viðskiptum við, næst á eftir Þýskalandi.

Túrkmenar búa flestir í Mið-Asíuríkinu Túrkmenistan, en þeir búa einnig í fleiri ríkjum Mið-Asíu og Mið-Austurlanda, þar á meðal Sýrlandi þar sem þeir eru taldir vera allt að ein milljón og þar með einn stærsti minnihlutahópur landsins. **– gb**

## Ferlíklega í forsetann

**STJÓRNMÁL** Þorgrímur Þráinsson rithöfundur segir 95 prósent líkur á að hann bjóði sig fram til embættis forseta Íslands á næsta ári.

Stofnuð var sérstök Facebooksíða með heitinu „Forsetaframboð Þorgríms Þráinssonar 2016“ en þrátt fyrir að síðan sé ekki rekin af Þorgrími sjálfum virðist hún hafa nægt til að ýta við honum.

Þorgrímur Þráinsson er hvað þekktastur fyrir barnabókaskrif og á að baki metsölubækur eins og Tár, bros og takkaskór og Lalli ljósastaur. Þá vakti hann mikla athygli fyrir bókina Hvernig gerirðu konuna þína hamingjusama: skemmtilegra kynlíf, fallegri samskipti, meira sjálfsöryggi.

Þorgrímur er fæddur í janúar árið 1959 og hefur meðal annars verið ritstjóri barnablaðsins ABC. Þá hefur hann leikið knattspyrnu með Val og barist ötullega gegn tóbaksnotkun. **– jbg, snæ**



**Þorgrímur Þráinsson**

## Allir búnir að samþykkja

**EFNAHAGSMÁL** Kröfuhafar Kaupþings hafa samþykkt frumvarp að nauðasamningi. Á kröfuhafafundi í dag samþykktu 100 prósent viðstaddra kröfuhafa frumvarpið, en greidd voru atkvæði fyrir 94 prósent krafna. Þetta kemur fram á vef Kaupþings.

Nú hafa kröfuhafar allra gömlu bankanna samþykkt nauðasamninga. Dómstólar hafa síðan frest þar til í mars á næsta ári til að samþykkja frumvarpið. **– jhh**

# Innanríkisráðherra segir taka tíma að styrkja löggæsluna

**Ólöf Nordal innanríkisráðherra velkist ekki í vafa um nauðsyn þess að efla lögregluna. Ekki sé hægt að fara sér óðslega í þeirri uppbyggingu. Ekki liggur fyrir hvernig aukafjárveitingu til málaflokksins verður varið.**

**ALÞINGI** Ólöf Nordal innanríkisráðherra tekur heils hugar undir það sjónarmið að auka verði framlög til löggæslunnar í landinu – en uppbyggingin sé langtímaverkefni. Ekki liggur fyrir hvernig aukafjárveitingu til lögreglu að upphæð 400 milljónir króna verður varið.




220 lögregluþjóna þarf til starfa, segir ríkislögreglustjóri – 640 eru við störf. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Framsóknarflokksins, vakti máls á starfsumhverfi lögreglunnar á Alþingi í gær. Hann sagði það óþolandi stöðu fyrir alla að lögreglumönnum á vakt skuli hafa fækkað mikið á sama tíma og íbúum landsins og ökutækjum á vegum úti, auk ferðamanna, hafi fjölgað jafn mikið og raun ber vitni.

Ólöf sagði 400 milljóna króna aukaframlag viðleitni til að bæta starfsumhverfi lögreglunnar, en sagði það jafnframt að hraðar yrði ekki farið og þessi grundvallarstoð yrði ekki byggð upp nema á löngum tíma.

„Við vitum að verkefni lögreglunnar hafa stóraukist, bæði í almennri löggæslu og vegna nýrra verkefna. Mikill straumur ferðamanna hefur að sjálfsögðu líka aukið álag á lögregluna og við því verðum við að bregðast. Það er mjög mikilvægt að öryggi sé tryggt fyrir borgara þessa lands og þá gesti sem hingað koma,“ sagði Ólöf og ennfremur að við greiningu á löggæsluembættum landsins hafi komið fram veikleikar í starfseminni sem sé brýnt að mæta.

Árið 2013 var ákveðin aukafjárveiting til löggæslunnar að upphæð 500 milljónir króna – og sú upphæð mun verða varanleg á fjárlögum næstu ára. Því kemur 400 milljóna fjárveitingin nú því til viðbótar – og hefur 1,4 milljörðum aukalega því verið varið til lögreglunnar á síðustu árum, sem er töluvert minna en nefnd á vegum þáverandi innanríkisráðherra, Ögmundar Jónassonar, lagði til árið 2013 eða að grunnfjárveitingar til lögreglunnar yrðu hækkaðar um a.m.k. 875 milljónir á ári umfram verðlagshækkanir fjárlaga á næstu fjórum árum eða um 3,5 milljarða króna á tímabilinu til þess að mæta nauðsynlegri fjölgun lögreglumanna, auka búnað lögreglunnar og menntun og þjálfun lögreglumanna.

> **Við vitum að verkefni lögreglunnar hafa stóraukist, bæði í almennri löggæslu og vegna nýrra verkefna. Mikill straumur ferðamanna hefur að sjálfsögðu líka aukið álag á lögregluna og við því verðum við að bregðast.**
>
> Ólöf Nordal innanríkisráðherra



Þingmannanefnd undir formennsku Vilhjálms Árnasonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, vann tillögur að því hvernig féð var nýtt árið 2014, og var niðurstaðan 44 manna fjölgun í lögregluliðinu. Sama nefnd mælir með því að fjárveiting þessa árs verði nýtt með svipuðum hætti – og sami fjöldi verði ráðinn. Hins vegar er það ekki ljóst hvernig 400 milljóna aukaframlaginu því til viðbótar verður varið og skýrist eftir öryggis- og þjónustugreiningu í innanríkisráðuneytinu sem stendur yfir. **svavar@frettabladid.is**






## Alþingi kjararáð aldraðra og öryrkja

**ALÞINGI** Aldraðir og öryrkjar ættu að fá afturvirkar kjarabætur, líkt og kjararáð hefur úthlutað kjörnum fulltrúum, dómurum og forstöðumönnum ríkisstofnana. Þetta kom fram í máli Kristjáns L. Möllers og Helga Hjörvars, þingmanna Samfylkingar, í umræðum um störf þingsins í gær.

Helgi segir þingmenn vera „kjararáð“ aldraðra og öryrkja. „Það getur ekki gengið að eftir þá erfiðu tíma, sem ekki síst þeir efnaminnstu hafa þurft að ganga í gegnum undanfarin ár, séu allir helstu hátekjuhóparnir í landinu leiðrétttir aftur í tímann á kostnað ríkissjóðs að stórum hluta til, en þeir sem minnst bera úr býtum fái ekki afturvirka leiðréttingu.“



Helgi Hjörvar er þingflokksformaður Samfylkingarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Um leið segir Helgi sjálfsagða kröfu að aldraðir og öryrkjar njóti sömu lágmarkslauna og aðrir hópar. „En til þess þarf að gera verulegar breytingar á fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi eins og við, þingflokkur Samfylkingarinnar, höfum flutt tillögu um og ég hygg að stuðningur sé við í öllum þingflokkum hér á þinginu þó að stjórnarforustan hafi ekki léð máls á því enn.“

Páll Valur Björnsson, þingmaður Bjartrar framtíðar, gerði kjör aldraðra og öryrkja einnig að umtalsefni og kvað „holan hljóm“ í orðum forsætisráðherra um góða stöðu þjóðarbúsins ef skilja ætti eftir þennan hóp enn á ný. „Ég tel að borð sé fyrir báru í íslenskum ríkisbúskap að koma til móts við kröfur eldri borgara og öryrkja.“ **– óká**

# VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA !

TOPTUL®



STÆRÐ 6"

16.900 m/vsk — 3.900 m/vsk — 6.900 m/vsk

TILBOÐ

14.900 m/vsk — 5.900 m/vsk — 8.900 m/vsk

## OLÍUSÍUSETT 16 STK

Passar fyrir 16 stærðir af olíusíum.
66 - 108mm 3 arma olíusíutöng fylgir
65 - 120mm

TJGAI1601

**9.900** m/vsk
Okkar besta verð



## FELGUTOPPASETT 3 STK

Stærðir:
17, 19, og 21mm
Sterk plasttaska

vnr IBTGDAI0301

**2.690** m/vsk
Fullt verð 3.480



TILBOÐ



## 7 SKÚFFUR

283 verkfæri — 177.750 m/vsk

## TOPPLYKLASETT 94 STK

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI094R

**16.900** m/vsk
Fullt verð 22.073





## 5 SKÚFFUR

157 verkfæri — 129.900 m/vsk

## VERKFÆRASETT 96 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lyklar, skrúfjárn, töng
Nippillyklar og fl.
Sterk plasttaska

AI9601

**21.900** m/vsk
Fullt verð 35.909



## VERKFÆRASETT 106 STK

Toppar 1/4 - 1/2" 4 - 32 mm
Fastir lyklar 6 - 22mm
Kertatoppar, bitasett og fl.
Sterk plasttaska

VNR IBTGCAI106B

**20.900** m/vsk
Fullt verð 32.535



TILBOÐ

## VERKFÆRASETT 151 STK

Toppar 1/4 - 3/8 - 1/2"
Stærðir 4 - 32 mm
Djúpir toppar, bitar og fl.
Sterk plasttaska

VNR IBTGCAI151R

**29.900** m/vsk
Fullt verð 39.688






## NÝ VERSLUN
Skútuvogi 1, Reykjavík

**www.sindri.is / sími 575 0000**

Viðarhöfða 6, Reykjavík / Skútuvogi 1, Reykjavík / Bæjarhrauni 12, Hafnarfirði

SINDRI

## Standa saman gegn Daish

**BANDARÍKIN** Barack Obama Bandaríkjaforseti segir að engin leið sé að líða Daish-samtökin, sem kalla sig Íslamskt ríki.

„Það verður að tortíma þeim. Og við verðum að gera það saman,“ sagði Obama á blaðamannafundi í Washington í gær með François Hollande Frakklandsforseta.

Hollande hefur undanfarið verið að safna liði meðal leiðtoga á Vesturlöndum og víðar gegn Daish-samtökunum sem segjast bera ábyrgð á fjöldamorðunum í París fyrr í mánuðinum.

„París verður alltaf París,“ sagði Obama samt. „Í næstu viku verðum við Hollande þar ásamt leiðtogum ríkja heims á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Það verður kraftmikil leið til þess að snupra hryðjuverkamennina, að heimurinn standi saman og sýni að við látum ekki fæla okkur frá því að búa börnum okkar betri framtíð?“

Á mánudag tók Hollande á móti David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, í París. Á morgun kemur Angela Merkel til Parísar að hitta Hollande, en á fimmtudag heldur hann svo til Moskvu til fundar við Vladimír Pútín Rússlandsforseta. – gb

## Síðasti spölurinn



**Borinn til grafar** Múslimar í Kasmír bera jarðneskar leifar Adil Shiekh, fótgönguliða herskárra íslamistasamtaka, við útför hans í bænum Bijbehara. Hundruð manna tóku þátt í útför hermannsins. Þrír fótgönguliðar voru drepnir að kvöldi mánudags í átökum við her og lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA







# Landsvirkjun hljóð og minnir á samninginn

**Forsvarsmenn Landsvirkjunar neita að tjá sig um kjaradeiluna í Straumsvík og samning um raforkukaup við Rio Tinto Alcan fari svo að álverið verði aflagt. Endurnýjaður samningur um orkukaup var undirritaður fyrir tæpu ári.**

**ORKUMÁL** Landsvirkjun aftekur með öllu að tjá sig um kjaradeilu Rio Tinto Alcan og starfsmanna álversins í Straumsvík og samningsskyldur RTA fari svo að álverið verði ekki endurræst. Sérfræðingur í orkumálum telur nánast útilokað að álverið geti losnað einhliða undan orkusamningi vegna vinnudeilu við sína eigin starfsmenn.

„Fulltrúar Landsvirkjunar vilja á þessu stigi ekki tjá sig um viðkvæma kjaradeilu Rio Tinto Alcan og starfsmanna álversins í Straumsvík. Landsvirkjun hefur verið spurð út í rafmagnssamning fyrirtækjanna. Því er til að svara að rafmagnssamningur Landsvirkjunar og Rio Tinto Alcan gildir til ársins 2036.“ Svo hljóðar svar Landsvirkjunar við fyrirspurn um þann möguleika, sem talsmaður fyrirtækisins hefur ámálgað, að álverið verði ekkert endilega endurræst vegna verkfalls 300 starfsmanna sem hefst 2. desember að óbreyttu.

Ketill Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Askja Energy Partners ehf. og ritstjóri Icelandic Energy Portal, segir á orkubloggi sínu að það „sé nánast útilokað að álverið í Straumsvík geti, með vísan til verkfalls hjá álverinu og tjóns af völdum slíks verkfalls, losnað einhliða undan orkusamningi sínum til framtíðar.“ Ketill segir [sjá http://askja.blog.is/] einnig að fyrirtækið vísi til samningsákvæðis (force majeur) um að kaupskylda á raforku falli niður vegna óviðráðanlegra ytri atvika – undir það geti verkfall innan fyrirtækisins vart fallið nema samningur Landsvirkjunar RTA sé í grundvallaratriðum ólíkur öðrum viðlíka samningum sem gerðir hafa verið.

Landsvirkjun vísar til fréttaflutnings síns frá því fyrir tæpu ári. Samningurinn var undirritaður árið 2010 og endurskoðaður í desember 2014 með óbreyttum samningstíma – til 2036. Samið var að nýju vegna þess að álverið gat ekki fullnýtt þá orku sem samningurinn frá 2010 fól í sér, en Landsvirkjun reisti Búðarhálsvirkjun til að efna samninginn.



Í kerskálum í Straumsvík eru samtals 480 ker og mjög kostnaðarsamt ef vinnsla raskast. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

> **Landsvirkjun hefur verið spurð út í rafmagnssamning fyrirtækjanna. Því er til að svara að rafmagnssamningur Landsvirkjunar og Rio Tinto Alcan gildir til ársins 2036.**
>
> Úr skriflegri yfirlýsingu Landsvirkjunar.

Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto Alcan á Íslandi, sagði meðal annars í fréttatilkynningunni sem Landsvirkjun vísar í: „Samkomulagið við Landsvirkjun er enn ein staðfesting þess að viðskiptasamband áliðnaðar og orkuframleiðslu á Íslandi einkennist af gagnkvæmri virðingu og gagnkvæmum ávinningi.“

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, sagði þá: „Samkomulagið grundvallast á langvarandi viðskiptasambandi fyrirtækjanna sem og virðingu fyrir gagnkvæmum viðskiptahagsmunum.“

svavar@frettabladid.is

### Virkjað fyrir álverið í Straumsvík

- Rio Tinto Alcan skilar Landsvirkjun 35 MW af ónotuðu afli, sem hægt er að nota til að auka framboð raforku á íslenskum raforkumarkaði.
- Rio Tinto Alcan hefur í nokkur ár möguleika á að endurheimta orku í samræmi við þarfir sínar, upp að því marki að aflnotkun álversins verði allt að 422 MW, enda leitar fyrirtækið nú leiða til að ná áður fyrirhugaðri framleiðsluaukningu eftir öðrum leiðum.
- Rio Tinto Alcan greiðir Landsvirkjun 17 milljónir Bandaríkjadollara, vegna kostnaðarins sem það hafði í för með sér fyrir Landsvirkjun að reisa Búðarhálsvirkjun fyrr en þörf krafði.




ford.is

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ford Fiesta, bensín 65 hö/EcoBoost 100 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km.
Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ 114 g/km.
Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Fimmföldun í útflutningi á ferskum þorski

**SJÁVARÚTVEGUR** Gríðarleg aukning hefur orðið á útflutningi ferskra þorskflaka og -bita á síðastliðnum 15 árum. Á milli áranna 1999 og 2014 óx útflutningurinn úr 4.940 tonnum í 23.245 tonn og útflutningsverðmæti úr 5,8 milljörðum í 28 milljarða króna.

Þetta kemur fram í skýrslu Arion banka um stöðu og framtíð íslensks sjávarútvegs sem kom út fyrir helgi.

Fersk flök og bitar verða sífellt stærri hluti verðmætasköpunar úr þorski, eða sem samsvarar fimmföldun á 15 árum. Það hlutfall sem ferskar afurðir skapa af útflutningsverðmæti annarra tegunda hefur einnig aukist, en árið 2014 voru 33% útflutningsverðmætis ýsu vegna ferskra afurða, 13% karfa, 43% steinbíts og 10% ufsa.

Í skýrslunni segir að Frakkland er í dag langstærsti kaupandi ferskra íslenskra sjávarafurða en þangað voru fluttar út ferskar þorskafurðir fyrir 12,6 milljarða króna árið 2014. Ferskar þorskafurðir til Frakklands skapa rúman þriðjung útflutningstekna alls ferskfisks.

Útflutningur ferskra afurða til Frakklands hefur raunar aukist mjög hratt að undanförnu, sjöfaldast síðustu sex árin, úr 1.500 tonnum árið 2008 í um það bil 10.000 tonn árið 2014. Árið 2014 voru mikilvægustu markaðslönd ferskra þorskafurða, á eftir Frakklandi, Bretland (4,8 milljarðar króna), Belgía (4,5 milljarðar króna) og Bandaríkin (3,2 milljarðar króna).

Eftir mikinn samdrátt árin 2007-2011 hefur útflutningur ferskra þorskafurða til Bandaríkjanna aukist hratt undanfarin fjögur ár. Þar spilar inn í samdráttur í þorskveiðum við austurströnd Bandaríkjanna, bættir flutningar til Bandaríkjanna frá Íslandi og aukin framleiðsla ferskra afurða hér á landi, segir í umfjöllun bankans. **– shá**



**Sveifla frá frystum fiski til fersks er áberandi um þessar mundir.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


EIK FASTEIGNAFÉLAG

## Birting lýsingar

**Útgefandi: Eik fasteignafélag hf., kt. 590902-3730, Álfheimar 74, 104 Reykjavík**

Eik fasteignafélag hf. hefur birt lýsingu í tengslum við umsókn um að skuldabréfaflokkurinn EIK 15 1 verði tekinn til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. Lýsingin er dagsett 24. nóvember 2015 og staðfest af Fjármálaeftirlitinu, gefin út á íslensku og birt á vefsíðu Eikar fasteignafélags hf., www.eik.is/fjarfestar. Lýsinguna má nálgast á vefsíðunni næstu 12 mánuði og hjá útgefanda í höfuðstöðvum félagsins að Álfheimum 74, Reykjavík. Nasdaq Iceland hf. tilkynnir opinberlega, með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara, ef skuldabréfin eru tekin til viðskipta og þá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur með bréfin er á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf.

Skuldabréfin eru gefin út af Eik fasteignafélagi. Upphafleg höfuðstólsfjárhæð útgefinna skuldabréfa, sem öll hafa verið seld nemur 3.300.000.000 kr. að nafnverði. Bréfin eru gefin út rafrænt í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf. Auðkenni flokksins er EIK 15 1. ISIN-númer skuldabréfanna er IS0000026300. Bréfin eru gefin út í íslenskum krónum og er hver eining skuldabréfanna 20.000.000 kr. að nafnverði. Tilgangurinn með því að fá skuldabréfin tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. er að tryggja fjárfestum að starfshættir og upplýsingagjöf um m.a. fjárhagsstöðu útgefanda séu í samræmi við Reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga, útgefnar af Nasdaq Iceland hf., eins og þær eru á hverjum tíma, svo og að auka markaðshæfi skuldabréfanna.

Nánari upplýsingar um Eik fasteignafélag hf. og skuldabréfaflokkinn EIK 15 1 má finna í lýsingu Eikar fasteignafélags gefinni út 24. nóvember 2015. Fyrirtækjaráðgjöf Fjárfestingabankasviðs Arion banka hf. hafði umsjón með því ferli að fá skuldabréfin tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf.

Reykjavík, 24. nóvember 2015
Stjórn Eikar fasteignafélags hf.

Arion banki


# Á annað hundrað milljóna í byggðaaðgerðir á NV-landi

**BYGGÐAMÁL** Ríflega eitt hundrað milljónum verður varið til eflingar atvinnu á Norðurlandi vestra. Farið verður af stað í nokkur verkefni sem svokölluð Norðvesturnefnd lagði til í skýrslu til forsætisráðherra sem lið í að efla byggð og atvinnutækifæri í landshlutanum. Þetta kemur fram í breytingartillögum ráðuneytanna við fjárlagagerðina sem nú er í vinnslu á Alþingi. Engar tillögur nefndarinnar voru inni í fyrstu gerð fjárlaga.

Formaður byggðaráðs Skagafjarðar, Stefán Vagn Stefánsson, var formaður Norðvesturnefndarinnar. Auk Stefáns Vagns sátu í nefndinni Héðinn Unnsteinsson frá forsætisráðuneytinu, Sigríður Svavarsdóttir frá sveitarfélaginu Skagafirði, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, oddviti Húnaþings vestra, og Valgerður Hilmarsdóttir, forseti bæjarstjórnar Blönduósbæjar. Ásmundur Einar Daðason, aðstoðarmaður forsætisráðherra, starfaði einnig með nefndinni.

Stefán Vagn segist vera nokkuð ánægður með það sem hann sjái í kortunum. „Svo virðist sem nokkur verkefni séu að verða að veruleika sem er ánægjuefni fyrir landshlutann,“ segir Stefán Vagn.

Setja á tíu milljónir króna í bíódísilframleiðslu á Blönduósi, þrjátíu til viðbótar í frumkvöðlasetur í tengslum við Piopol ehf., 45 milljónir fara í eflingu selarannsókna í landshlutanum auk þess sem nýsköpunar- og frumkvöðlasetur á Sauðárkróki fær 14 milljónir. Annar sjóður, atvinnu- og nýsköpunarsjóður á Norðurlandi vestra, fær 10 milljónir.

**Svo virðist sem nokkur verkefni séu að verða að veruleika sem er ánægjuefni fyrir landshlutann.**



Stefán Vagn Stefánsson, formaður byggðaráðs

Að endingu mun svo Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Hvammstanga fá 35 milljóna króna framlag til að ráða starfsfólk svo hægt sé að fullnýta húsnæði stofnunarinnar. Aldraðir og veikir einstaklingar í nágrenni við Hvammstanga hafa upp á síðkastið þurft að leggjast inn í hvíld í Stykkishólmi, á Akranesi eða í Reykjavík, fjarri heimahögum og fjölskyldum.

Átta tillögur nefndarinnar fjölluðu um flutning opinberra starfa. Þar var um að ræða tæplega 90 stöðugildi. Svo virðist sem þær tillögur hafi ekki náð fram að ganga. Fréttablaðið greindi frá því í gær að um 6,7 milljarða útgjaldaauki fælist í breytingartillögum ráðuneytanna. Að mati formanns fjárlaganefndar eru tillögurnar allar í þá átt að styrkja grunnstoðir samfélagsins. **– sa**








**Börn í Frakklandi geta ekki eignast nýjar leikfangabyssur frá stærstu leikfangaverslanakeðju heims á næstunni.**

# Hætta að selja leikfangabyssur vegna ógnar

**FRAKKLAND** Verslunarkeðjan Toys R Us í Frakklandi hefur ákveðið að fjarlægja leikfangabyssur úr rekkum verslunarinnar vegna hryðjuverkanna í París. Þetta kemur fram á vef breska ríkisútvarpsins.

Ákvörðun um að fjarlægja leikföngin var tekin á grundvelli þess að lögregla gæti tekið vopnin í misgripum fyrir alvöru vopn. Það þótti valda óþarfa ruglingi og jafnvel skapa hættuástand.

Vatnsbyssur og geislasverð verða ekki fjarlægð úr verslununum svo enn er hægt að vopnbúa frönsk börn að einhverju leyti.

Eftir því sem næst verður komist hefur ekki verið tekin ákvörðun um sams konar aðgerðir í Toys R Us á Íslandi. Verslunin heyrir undir finnskan sölustjóra sem ekki náðist í við vinnslu fréttarinnar.

Ekki hefur verið ákveðið hve lengi leikfangarifflum og skammbyssum verður haldið til hlés í 48 Toys R Us verslunum í Frakklandi. **– snæ**













Á SPÍRUNNI:
KAFFI OG SARA
Á 490KR

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Grunnstoðir



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Önnur umræða um fjárlögin mun fara fram á næstunni. Breytingatillögur ríkisstjórnarinnar við frumvarpið nema samtals 6,7 milljörðum króna í útgjaldaaukningu. Fjárlaganefnd fékk frumvarpið með breytingartillögunum í fyrradag ásamt fjáraukalagafrumvarpi.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að samkvæmt breytingartillögunum eigi að veita 370 milljónir til þjóðkirkjunnar. Þessir fjármunir eru veittir kirkjunni til að virða samning hennar og ríkisins frá því á tíunda áratug síðustu aldar. Aukið fé mun samkvæmt heimildum blaðsins einnig fara til kirkjunnar á næsta ári.

Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að ríkissjóður eigi vel fyrir þessum útgjöldum. „Ég tel þessu vel varið því allar þessar breytingar eru í þágu grunnþjónustunnar og grunnstoðirnar þurfa að vera í lagi ef við eigum að reka hér öflugt samfélag,“ sagði Vigdís.

Oddný Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar og nefndarmaður í fjárlaganefnd, segir miður að ekki sé tekið á kjaramálum eldri borgara og öryrkja. Hún hefði viljað sjá hækkun til þessara hópa frá 1. maí í samræmi við hækkanir annarra í kjarasamningum ársins. „Aldraðir og öryrkjar eru sannarlega á lægstu launum í þessu þjóðfélagi. Aldraðir og öryrkjar sitja eftir.“

Í fjárlagafrumvarpinu var lagt til að heildarframlag ríkisins til kirkjumála yrðu 5.848,4 milljónir króna. Þar með talin eru sóknargjöld, jöfnunarsjóður sókna og framlag til kirkjugarða. Framlögin fara með þessari aukafjárveitingu yfir 6.000 milljónir.

Það er ávallt hægt að benda á eitthvað sem betur má fara við forgangsröðun í úthlutun ríkisfjármuna. Það er örugglega alltaf hægt að gera betur í að styrkja heilbrigðiskerfið, félagslega kerfið eða menntakerfið svo fátt eitt sé nefnt. Svo mikið betur er hægt að gera að líklegast mun ekkert teljast vera nóg að gert svo allir séu sáttir. Það má hins vegar vel taka undir með Oddnýju Harðardóttur og harma þessa forgangsröðun. Meira og minna allt þjóðfélagið hefur fengið kjarabætur, og sumir mjög ríflegar á þessu ári. Nema einn hópur. Sem hefur sannarlega setið eftir.

Björgvin Guðmundsson, fyrrverandi borgarfulltrúi og formaður kjaranefndar Félags eldri borgara á höfuðborgarsvæðinu, hefur skrifað margar greinar um þetta efni. Hann hefur bent á að áætlun ríkisins um þróun launavísitölu sem litið var til þegar lífeyrir aldraðra og öryrkja var ákveðinn hefur verið mun lægri en raunhækkanir kjarasamninga. Á sama tíma og strípuð laun þingmanna hækka í 712 þúsund krónur á mánuði fá einhleypir aldraðir og öryrkjar 192 þúsund krónur á mánuði eftir skatt.

Auðvitað á að virða gerða samninga. Ekkert síður við þjóðkirkjuna en aðra. En óuppsegjanlegur samningur ríkisins við þjóðkirkjuna til eilífðarnóns er ekki samningur. Það eru fjötrar. Og það er mjög erfitt að taka undir með formanni fjárlaganefndar og líta á þessa ráðstöfun fjármuna ríkisins til kirkjunnar, hátt í 400 milljónir, sem breytingu í þágu grunnþjónustunnar. Hækkun á lífeyri aldraðra og öryrkja væri styrking grunnstoða.

> **Það er mjög erfitt að taka undir með formanni fjárlaganefndar og líta á þessa ráðstöfun fjármuna ríkisins til kirkjunnar, hátt í 400 milljónir, sem breytingu í þágu grunnþjónustunnar.**

## Halldór







## Frá degi til dags

**Tekjur kirkjunnar**
**Ríkisstjórnin ætlar að veita 370 milljónir króna á fjáraukalögum þessa árs til þjóðkirkjunnar, eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær. Upphæðin er næstum sú sama og viðbótarframlag til lögreglunnar. Og þetta framlag er veitt á sama tíma og hagfræðingar gagnrýna ríkisstjórn fyrir lausatök í ríkisfjármálum. Kannski er þetta þó taktísk forgangsröðun í fjárlagafrumvarpinu hjá stjórnarherrunum. Í hönd fer síðasta heila starfsár ríkisstjórnarinnar. Þá er gott að njóta blessunar kirkjunnar og vona svo bara að guðs blessun fylgi með.**

**Spennandi framboð**
**Það eru margir orðnir spenntir fyrir því hvort Ólafur Ragnar Grímsson tilkynni um það hvort hann hyggist bjóða sig fram einu sinni enn. Og telja að einhverjir bíði á hliðarlínunni eftir því að forsetinn segi af eða á. Ákvörðun forsetans um að segja þetta gott eftir 20 ár í embætti sé forsenda þess að aðrir geti mátað sig við embættið. Hinir sömu geta nú kæst eftir að rithöfundurinn Þorgrímur Þráinsson tilkynnti Vísi um fyrirhugað framboð sitt. Ákvörðun sem hann segir óháða ákvörðun forsetans. Þá er bara að bíða eftir spennandi kosningabaráttu.**
**jonhakon@365.is**

# Er hefð að níðast á lífeyrisþegum?



Guðmundur Magnússon
fv. formaður ÖBÍ

Samkvæmt frétt í Fréttablaðinu 20. nóvember 2015 hækka grunnlaun þingmanna um 60.585 krónur í alls 712.030 krónur og fá þeir eingreiðslu upp á 545.265 krónur þar sem hækkunin er afturvirk. Þá hækka grunnlaun ráðherra, fyrir utan forsætisráðherra, um 106.991 krónu, í 1.257.425 krónur, með eingreiðslu upp á 962.919 krónur. Laun forsætisráðherra hækka um 118.384 krónur, í 1.391.333 krónur, með eingreiðslu upp á 1.065.456 krónur. Loks hækka laun forseta Íslands um 196.962 krónur, í 2.314.830 krónur, með eingreiðslu upp á 1.772.658 krónur.

Blessaðir mennirnir, ekki seinna vænna að hækka við þá kaupið og mikið kemur það nú sér vel að hækkunin skuli vera afturvirk svona rétt fyrir jólin. Reyndar sker það í augu að hækkun forseta okkar skuli vera næstum upp á krónu jafn mikil og margur lífeyrisþeginn er með á mánuði, til að greiða fyrir húsnæði, fæði og klæði, að ekki sé talað um menningarneyslu eða til að halda gleðileg jól, svo eitthvað sé nefnt.

Árum saman hefur löggjafinn hækkað lífeyrisgreiðslur í fjárlögum eins lítið og hægt er samkvæmt lögum sem kveða þó á um að lífeyrisgreiðslur skuli hækka samkvæmt launaþróun, eða þeirri sem er hærri í það skiptið. Nær aldrei afturvirkt, en þá skorið við nögl og aldrei að fullu.

Það er segin saga, að þegar lífeyrisþegar óska eftir kjarabótum bregðast stjórnvöld við eins og nú eigi að setja samfélagið á hausinn, en telja það sjálfsagða sanngirniskröfu að hækka sín eigin laun og þeirra sem greiða mest í sjóði flokkanna. Hafa menn ekki veitt því eftirtekt að fátækt fer í vöxt á Íslandi? Á sama tíma sem auðmenn virðast færast í aukana einna líkast og var fyrir hrunið, sem vel að merkja kom fyrst og harðast niður á lífeyrisþegum og láglaunafólki.

Hvernig væri að láta hækkanir Kjararáðs einnig ná til lífeyrisþega, afturvirkt og ekki fara í talnaleiki og úrtölur til að skerða kjör þess fólks sem mest hefur verð níðst á síðustu áratugi.

> **Reyndar sker það í augu að hækkun forseta okkar skuli vera næstum upp á krónu jafn mikil og margur lífeyrisþeginn er með á mánuði.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

16 DAGA ÁTAK GEGN KYNBUNDNU OFBELDI

# Nýja löggjöf í kynferðisbrotamálum, strax!



**Dagný Ósk Aradóttir Pind**
stjórnarkona í Kvenréttindafélagi Íslands

**Í stuttu máli er nauðgun í alþjóðalögum skilgreind sem kynferðisleg innrás í þvingandi aðstæðum.**

2015. Byltingarárið. Þúsundir kvenna hafa á þessu ári deilt reynslu sinni af ofbeldi. Konur hafa risið upp og vakið athygli á því misrétti og ofbeldi sem þær verða fyrir, krafist yfirráða yfir eigin líkama.

Konur verða fyrir ofbeldi á hverjum einasta degi í samfélagi okkar. Og sjaldnast er refsað fyrir þetta ofbeldi. Hvernig má það vera? Helmingur þjóðarinnar verður reglulega fyrir ofbeldi og við gerum ekki neitt. Eða allavega ekki nóg.

Umræðan er að þróast, en við þurfum að taka fleiri skref. Við þurfum að gera raunverulegar breytingar.

Fjöldi kynferðisbrotamála fer aldrei fyrir dóm. Undanfarið hafa einnig fallið sýknudómar sem margir eru hugsi yfir. Viðkvæðið er yfirleitt að þetta sé erfiður málaflokkur, sönnunarstaðan erfið, orð gegn orði o.s.frv. Þetta eru ekki nógu góð svör. Við getum ekki leyft þessu að vera svona lengur.

Má vera að það sé í grundvallaratriðum eitthvað rangt við það hvernig bæði menningin okkar og lagaákvæðin eru? Refsiákvæði hegningarlaga Íslendinga gera þá kröfu að ofbeldi, hótun um ofbeldi eða annars konar ólögmætri nauðung sé beitt við samræði eða kynferðismök: þá er það nauðgun. Nauðgun er því ekki skilgreind sem ofbeldi sem slík, það verður að vera auka ofbeldi. Svona eru refsiákvæði fyrir nauðgun almennt í landslögum annarra ríkja heimsins, eða þá að krafist sé skorts á samþykki.

Alþjóðalög og samningar hafa þróast lengra en lög flestra ríkja og ekki er gerð þessi ofbeldiskrafa eða samþykkiskrafa. Í stuttu máli er nauðgun í alþjóðalögum skilgreind sem kynferðisleg innrás í þvingandi aðstæðum. Þvingunin getur verið sálfræðileg, efnahagsleg eða misnotkun á trausti. Gengið er út frá því að kynlíf sé almennt gagnkvæmt, og að skortur á gagnkvæmni leiði til þess að um nauðgun sé að ræða.

Lög eru meira en bara einhver tæknileg ákvæði sem lögmenn og dómarar beita. Lögin móta viðhorf okkar, hegðun okkar og menningu okkar. Það er kominn tími til að breyta lögunum, að semja nýja kynferðisbrotalöggjöf sem verndar okkur öll.

# Hver á að græða á heilsugæslunni?



**Elín Oddný Sigurðardóttir**
ritari Vinstri grænna

Nú er ljóst að heilbrigðisráðherra er að leggja lokahönd á undirbúning fyrir einkavæðingu heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu. Fljótlega verður þeim undirbúningi sem nú stendur yfir í ráðuneytinu lokið og hafist handa við að hrinda í framkvæmd stefnumáli Sjálfstæðismanna um aukinn einkarekstur og einkavæðingu heilbrigðisþjónustunnar. Sjálfstæðismenn hafa komið því þannig fyrir að ráðherra getur gert samninga um einkarekstur í heilbrigðiskerfinu án aðkomu Alþingis.

Þegar ráðherra talar um „fjölbreyttari valkosti“ er hann í raun að tala um það sem heitir á mannamáli aukinn einkarekstur heilbrigðiskerfisins. Heilsugæslan er aðeins fyrsta skrefið. Ráðherra skipaði starfshóp sem ætlað er að skoða „fleiri“ rekstrarform í heilbrigðisþjónustu. Þeir sem vilja selja ríkinu slíka þjónustu til að græða á henni hafa í gegnum starfshópinn beina aðkomu að því að skilgreina hverjir þurfa þjónustu og hvernig hún skal veitt. Einkavæðing heilsugæslunnar gekk hratt fyrir sig í Svíþjóð á sínum tíma, umsvif einkafyrirtækja í heilbrigðisþjónustu tvöfölduðust undir hægristjórn Fredriks Reinfeldt. Sýnt hefur verið fram á að jafngildi rúmlega 500 milljarða íslenskra króna var tekið úr vasa sænskra skattgreiðenda til að standa undir arðgreiðslum til eigenda gróðadrifinna fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu þar í landi á árunum 2008-2012. Þetta var gert þrátt fyrir að fjölmargar skoðanakannanir sýni fram á að sjö af hverjum tíu Svíum séu mótfallnir því að arður sé tekinn út úr slíkri þjónustu.

**Nú hefur í auknum mæli þurft að hverfa af braut einkavæðingar í Svíþjóð og hið opinbera hefur þurft að taka aftur yfir rekstur heilsugæslustöðva með ærnum tilkostnaði.**

## Horfið af braut einkavæðingar

Nú hefur í auknum mæli þurft að hverfa af braut einkavæðingar í Svíþjóð og hið opinbera hefur þurft að taka aftur yfir rekstur heilsugæslustöðva með ærnum tilkostnaði. Úttekt sænsku ríkisendurskoðunarinnar leiddi í ljós að þjónustan varð brotakenndari og að eftirspurn réð framboði á heilbrigðisþjónustu frekar en raunveruleg þörf. Þetta leiddi til þess að hinir efnameiri og hraustari fengu betri þjónustu, hinir fátæku og veikari fengu verri þjónustu. Það sama á við um rekstur hjúkrunarheimila í Danmörku. Einkaframtakið brást og aukakostnaður við að taka aftur yfir reksturinn leggst á hið opinbera.

Langflestir Íslendingar eru þeirrar skoðunar að greiða skuli fyrir heilbrigðis- og velferðarþjónustu úr sameiginlegum sjóðum. Í einhverjum tilfellum má velferðarþjónusta vera á hendi styrktar- og eða góðgerðarfélaga sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða. Þeir sem fá opinbert fé til að veita slíka þjónustu eiga eðlilega að gera grein fyrir hverri krónu og tryggja þarf að opinbert fé fari ekki í arðgreiðslur til eigenda fyrirtækja.

Rekstur heilsugæslustöðva á að vera á hendi hins opinbera. Það á að vera metnaður okkar allra að greiða fyrir slíkt úr sameiginlegum sjóðum og tryggja öllum aðgang, óháð búsetu, efnahag eða félagslegri stöðu. Framtíðarsýn, sem byggist á því að sumir geti borgað aukalega fyrir betri þjónustu, á meðan aðrir hagnast á heilbrigðiskerfinu, er sýn sem ég deili einfaldlega ekki. Það er skrítið að líta á það sem forgangsverkefni að nota skattfé til að tryggja eigendum gróðadrifinna fyrirtækja arð, í stað þess að forgangsraða sama fjármagni í þjónustuna sjálfa. Það nýtist nefnilega öllum, líka þeim fátæku.

Um þessi áform hef ég aðeins eitt að segja: Heilsugæslan er ekki til sölu!





## Volkswagen Crafter Extreme Edition

Volkswagen Crafter er hannaður til að takast á við krefjandi verkefni þar sem styrkur og notagildi eru í forgangi. Crafter er einstaklega hagkvæmur og er með mjög öflugum en jafnframt sparneytnum díeselvélum. Volkswagen Crafter er með 3 ára ábyrgð og allt að 250.000 km akstur.

Líttu við og í sýningarsal VW Atvinnubíla og kynntu þér einstaklega vel útbúinn Volkswagen Crafter Extreme Edition.

**Staðalbúnaður**

- Rennihurðir á báðum hliðum
- 16“ stálfelgur
- Lokað skilrúm með glugga
- ABS / EBV
- ESP stöðugleikastýring og spólvörn
- Bekkur fyrir 2 farþega með geymslukassa
- Loftpúðar fyrir ökumann og farþega
- Útvarp með SD kortarauf
- Klukka
- Fullkomin aksturstölva
- Glasahaldari
- Fjarðstýrðar samlæsingar
- Rafstýrðir upphitaðir hliðarspeglar
- Hæðarstillanlegt öryggisbelti
- 270° opnun á afturhurðum

**Mögulegur valbúnaður**

- Dráttarbeisli 180.000. kr m/vsk

**Aukalega í Volkswagen Crafter Extreme Edition**

- Hraðastillir (Cruise control)
- Bluetooth símkerfi
- Hiti í bílstjórasæti
- Fjaðrandi hæðastillanlegt ökumannssæti með armpúða
- Vélarhitari með fjarstýringu og tímastilli
- Rafmagns-miðstöðvarhitari
- Aðgerðastýri
- Fjarlægðaskynjarar með bakkmyndavél
- Díóðulýsing í flutningsrými
- Klæðning og rennur í flutningsrými

**Crafter Extreme Edition kostar aðeins frá**
**4.596.774 kr. án vsk**

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík

Atvinnubílar

ORKAN

# Afslátturinn er lykilatriði

**Orkan** hefur leitt samkeppni á eldsneytismarkaði frá stofnun. Orkustöðvarnar eru nú um fimmtíu. Þær eru staðsettar um allt land og tryggja dyggum viðskiptavinum lágt verð, stigvaxandi afslátt og tækifæri til að leggja góðu málefni lið með notkun Orkulykilsins.

**Um 50 stöðvar** **Stigvaxandi afsláttur** **Góðgerðarmál** **Afsláttur hjá samstarfsaðilum**

ORKAN X

# Einfaldlega lágt verð fyrir alla

**X–stöðvar Orkunnar** eru nýr valkostur þar sem boðið er upp á eitt lágt verð á dælu án afsláttar. Þar erum við ekkert að flækja málin. Þetta eru einfaldar stöðvar með lágmarks yfirbyggingu. Enginn afsláttur. Bara eitt lágt verð.

**Einfaldar stöðvar** **Lyklar og kort virka** **Enginn afsláttur** **Eitt lágt verð**

ORKAN

FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT

## Arsenal á séns



Arsenal afgreiddi Dinamo Zagreb á Emirates-vellinum í gærkvöldi þar sem Alexis Sánchez var á skotskónum sem fyrr. Skytturnar eru nú þremur stigum á eftir Alfreð Finnbogasyni og félögum sem fengu skell í Bæjaralandi í gær og þurfa tveggja marka sigur í Grikklandi í síðustu leikvikunni til þess að komast í 16 liða úrslitin. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Hugur í okkur

**Ísland mætir Slóvakíu í undankeppni EM í kvöld en þetta er fyrsti leikur kvennalandsliðs Íslands í Evrópukeppni sem fer fram í Laugardalshöllinni.**

**KÖRFUBOLTI** Kvennalandsliðið í körfubolta fær verðugt verkefni í kvöld er það mætir sterku liði Slóvakíu í Laugardalshöllinni. Þetta er fyrsti Evrópuleikur Íslands síðan 2009 og sá fyrsti hjá konunum sem fer fram í Laugardalshöllinni.

„Það er auðvitað mjög gaman að fá að spila í höllinni. Þar vilja allir körfuboltamenn fá að spila,“ sagði landsliðsfyrirliðinn Helena Sverrisdóttir í samtali við Fréttablaðið. Stelpurnar fengu að kynnast því á Smáþjóðaleikunum í fyrra en annars hefur landsliðið yfirleitt spilað í öðrum íþróttahúsum.

Ísland hóf leik í undankeppninni á laugardag er liðið tapaði fyrir Ungverjalandi ytra, 72-50. Helena segir að liðið hafi rennt nokkuð blint í sjóinn enda langt síðan að íslenska landsliðið mætti svo sterkum andstæðingi. Síðustu ár hefur Ísland eingöngu spilað á Smáþjóðaleikum, Evrópukeppni smáþjóða og á Norðurlandamótum.

Stelpurnar taka annað stökk upp á við í kvöld því Slóvakía er í hópi sterkustu þjóða Evrópu. „Slóvakar hafa staðið sig vel á stórmótum í gegnum tíðina og það hefur myndast mikill og góður kjarni í liðinu þeirra,“ segir Helena sem þekkir vel til liðsins eftir að hafa spilað með Good Angels í Slóvakíu.

„Þjálfarar og leikmenn koma flestir úr Good Angels og því þekkjast allir mjög vel. Við vitum að við erum að fara að spila við hörkulið,“ segir Helena sem hefur ýmist spilað með eða á móti öllum leikmönnum í slóvakíska landsliðinu.

Meðal þeirra er leikstjórnandinn Barbora Balintova sem var að hefja sinn feril þegar Helena var hjá Good Angels. „Þá var hún lillan sem var að byrja að spila með meistaraflokki en maður sér að hún er á hraðri uppleið. Ég sá hana spila í sumar og hún hefur til að mynda bætt skotin sín mikið.“

Helena segir ljóst að það verði enginn auðveldur leikur í riðlinum en auk Ungverjalands og Slóvakíu er Portúgal í E-riðli undankeppninnar. Sigurvegari riðilsins fer örugglega áfram og liðið sem nær öðru sæti á einnig möguleika. En Helena segir að íslenska liðið sé fyrst og fremst að hugsa um að bæta sinn leik.

„Við vorum nokkuð hissa að við áttum ágætan séns gegn Ungverjum. Maður finnur að sjálfstraustið jókst eftir því sem leið á leikinn og liðið hafði meira hungur en maður þorði að vona. Við erum að þróa okkur áfram enda langt síðan við spiluðum gegn svo sterkum þjóðum en það er meiri hugur í okkur,“ segir Helena.

„Það er mikill munur á því að spila gegn þjóðum sem spila reglulega á EM en þjóðum á Smáþjóðaleikunum. Ég hef fulla trú á því að ef við hittum á góðan skotdag og spilum grimma vörn þá eigum við að standa meira í þessum stóru liðum. Skotin geta breytt leikjum,“ bætir landsliðsfyrirliðinn við.

eirikur@frettabladid.is



**Helena Sverrisdóttir.**




## Nýjast

**Meistaradeildin**

**E-riðill**

**Barcelona - Roma 6-1**
1-0 Luis Suárez (15.), 2-0 Lionel Messi (18.), 3-0 Luis Suárez (44.), 4-0 Gerard Pique (56.), 5-0 Lionel Messi (60.), 6-0 Adriano (77.), 6-1 Edin Dzeko (90.)

**BATE - Bayer Leverkusen 1-1**
1-0 Mikhail Gordeychuk (2.), 1-1 Admir Mehmedi (68.).

**Stig liðanna:** Barcelona 13, Roma 5, Bayer Leverkusen 5, BATE Borisov 4.

**F-riðill**

**Arsenal - Dinamo Zagreb 3-0**
1-0 Mesut Özil (29.), 2-0 Alexis Sánchez (33.), Alexis Sáncez (69.).

**Bayern - Olympiakos 4-0**
1-0 Douglas Costa (8.), 2-0 Robert Lewandowski (16.), 3-0 Thomas Müller (20.), Kingsley Coman (69.).

**Stig liðanna:** Bayern München 12, Olympiacos 9, Arsenal 6, Dinamo Zagreb 3.

**G-riðill**

**Maccabi - Chelsea 0-4**
0-1 Gary Cahill (20.), 0-2 Willian (73.), 0-3 Oscar (77.), 0-4 Kurt Zouma (90.).

**Porto - Dynamo Kiev 0-2**
0-1 Andriy Yarmolenko (36., víti), 0-2 Derlis Gonzalez (64.).

**Stig liðanna:** Chelsea 10, Porto 10, Dynamo Kiev 8, Maccabe Tel Aviv 0.

**H-riðill**

**Zenit - Valencia 2-0**
1-0 Oleg Shatov (15.), 2-0 Artem Dzuba (74.).

**Lyon - Gent 1-1**
1-0 Jordan Ferri (7.), 1-1 D. Milicevic (32.).

**Stig liðanna:** Zenit 15, Valencia 6, Gent 5, Lyon 2.

**Hendum þessu öðru marki Barca á rípít allt kvöldið!**

Elvar Geir Magnússon
**@elvargeir**

FYRSTI EVRÓPULEIKUR STELPNANNA Í LAUGARDALSHÖLLINNI
Íslenska kvennalandsliðið í körfubolta spilar fyrsta heimaleik sinn í undankeppni EM 2017 í Laugardalshöllinni í kvöld þegar Slóvakía kemur í heimsókn. Þetta verður fyrsti Evrópuleikur íslensku stelpnanna í Höllinni en fyrstu átta heimaleikir Íslands í Evrópukeppni voru spilaðir á árunum 2006 til 2009 og fóru fram á þremur stöðum eða í Keflavík (2), á Ásvöllum í Hafnarfirði (5) og í Smáranum í Kópavogi (1).

KATRÍN SKIPTIR UM LIÐ
Katrín Ómarsdóttir sem leikið hefur með Liverpool í ensku úrvalsdeild kvenna í fótbolta undanfarin þrjú ár greindi frá því á Twitter-síðu sinni í gær að hún væri að yfirgefa félagið. Katrín varð Englandsmeistari í tvígang með Liverpool en var svolítið mikið á bekknum á síðustu leiktíð. Í viðtali í Akraborginni á X977 í gær sagði Katrín að hún væri búin að finna sér lið á Englandi sem hún ætlar til en vildi ekki greina frá því að svo stöddu þar sem ekki er búið að semja.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | Meistaradeildarkvöld | Sport 4 |
| 19.45 | Shakhtar - Real Madrid | Bravó |
| 19.45 | Man. United - PSV | Sport |
| 19.45 | Malmö - PSG | Sport 5 |
| 19.45 | Juventus - Man. City | Sport 3 |
| 21.45 | Meistaramörkin | Sport |
| 19.30 | Ísland - Slóvakía | Höllin |






# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 25. nóvember 2015 | 46. tölublað | 9. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



**»2**
**Vilja búa til áfengi úr mysu**
Mjólkursamsalan vinnur að því að búa til vínanda úr mysu.

**»4**
**Krónan fallið á tíu ára fresti**
Ásdís Kristjánsdóttir kennir dapurri hagstjórn um tíð gengishrun hér á landi.

**»8**
**Svipmynd: Bergþóra Þorkelsdóttir**
Nýráðinn forstjóri ÍSAM er dýralæknir og mikil hestakona.

**»10**
**Er Lars feitur?**
Lars Christensen segir stóra hópa yfirleitt hafa rétt fyrir sér, meira að segja um hans eigin þyngd.

**»12**
**RÚV ekki í samkeppnisrekstri**
Stjórnarmaðurinn skrifar um rekstur ríkisfjölmiðla hér á landi og í Evrópu.


# Norska hagkerfið tekur dýfu

Norska krónan hefur fallið um 35 prósent gagnvart íslensku krónunni.

Fólksflutningar til Noregs halda áfram þrátt fyrir að launin hafi lækkað.

Allt að helmingur veltu íslenskra verkfræðistofa hefur orðið til í Noregi.


»6







# SKJÓÐAN

## Allt að gerast á Íslandi

**RÁÐHERRANN** segir Ísland bera af öðrum löndum sem gull af eiri og það passi einfaldlega ekki að ungt fólk sé á flótta undan öllum þeim tækifærum sem Ísland hefur upp á að bjóða. Skýringarinnar á útþrá ungs fólks sé að leita í ævintýraþrá og forvitni en ekki í því að vont sé að búa hér á landi. Enda muni allir koma aftur og fleiri til, segir forsætisráðherra.

Og hví ætti fólk ekki að koma til baka?

**Á FUNDI** framsóknarmanna um síðustu helgi lýsti forsætisráðherra því hreykinn yfir að nú væri að fara í gang vinna á fullu við afnám verðtryggingar á neytendalán. Stóra kosningaloforðið hjá forsætisráðherra fyrir síðustu kosningar vorið 2013 var einmitt að afnema verðtryggingu. Síðan eru liðin tæp þrjú ár. Já, það er allt að gerast.

**AÐALHAGFRÆÐINGUR** Seðlabankans segir seðlabönkum annarra landa til syndanna fyrir að bjóða upp á allt of lága vexti. Það er ekki pyttur sem Seðlabanki Íslands fellur í því vextir hans hafa á köflum verið nærri fimmtugfaldir á við vexti annarra seðlabanka. Fyrir vikið getur ungt fólk ekki tekið lán og keypt sér húsnæði á Íslandi. Mikið má það vera þakklátt því ekki þarf að greiða af lánum sem ekki eru tekin. Unga fólkið býr bara heima hjá pabba og mömmu þangað til það erfir æskuheimili sín og verðtryggðu lánin sem fylgja með. Aldeilis flott lausn á húsnæðisvanda ungs fólks.

**FÓLKINU** í landinu var lofað að það fengi að kjósa um framhald Evrópuferlisins á kjörtímabilinu. Ekkert verður af því af því að vitanlega er það einhvers konar pólitískur ómöguleiki að ríkisstjórn hætti á að þjóðin komist að annarri niðurstöðu en ríkisstjórnin vill fá fram. Þá yrði ríkisstjórnin að víkja en þessi ríkisstjórn beitti krók á móti bragði og lét þjóðina víkja. Allt uppi á borðinu og engin spilling. Fyrirmyndar stjórnarfar.

**EFTIR** hryðjuverkaárásirnar á París getur unga fólkið á Íslandi gleymt því að Ísland verði hluti af Evrópu framtíðarinnar. Forseti lýðveldisins er búinn að lýsa því yfir að Schengen-samstarfið hafi brugðist og einsýnt sé að Ísland hverfi frá því samstarfi með nágrannaþjóðum sínum. Schengen sé gagnslaust og við Íslendingar höfum hvort eð er engin efni á þátttöku. Við erum of blönk til að vera í Schengen en nógu rík til að loka okkur af með okkar krónu og fimmtugfalda vexti.

**NEI,** unga fólkið er áreiðanlega ekki að flýja spillingu og slæmt stjórnarfar. Hér er allt að gerast.

MARKAÐURINN

**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**

Umsjón **Jón Hákon Halldórsson** **jonhakon@365.is**

Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**

Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is









Það kann að vera að áfengi, sem framleitt er úr alíslenskri mysu, verði að finna í hillum Vínbúðanna innan skamms. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Mjólkursamsalan breytir mysu í vínanda

**Mjólkursamsalan er farin í samstarf við Matís, Háskólann á Akureyri og Foss distillery til þess að þróa etanól úr mysu. Sótt hefur verið um styrk úr Tækniþróunarsjóði. Þrír möguleikar á notkun etanólsins, en mestur ávinningur ef úr verður vín.**

Mjólkursamsalan stefnir á að nýta þá mysu sem fellur til við framleiðslu á osti í etanólframleiðslu. Etanólið verður svo líklegast nýtt í framleiðslu á vínanda. Björn S. Gunnarsson, þróunarstjóri hjá Mjólkursamsölunni, segir að verkefnið sé á frumstigi. Það sé unnið í samstarfi við Matís, Háskólann á Akureyri og Foss distillery.

Háskólinn á Akureyri var fenginn til þess að vinna tilraunaverkefni með ákveðinn gersvepp sem lofaði góðu fyrir framhaldið. Björn segir að í september hafi verið sótt um styrk til Tækniþróunarsjóðs og beðið sé eftir svari þaðan. Segir Björn að sá styrkur myndi renna til rannsóknarstofnananna. „Við myndum leggja til vinnu og efni og mögulega eitthvert fjármagn. En það eru þessar rannsóknarstofnanir sem myndu fá rannsóknarstyrkinn,“ segir Björn.

Björn segir að við vinnslu á etanóli úr mysunni yrðu þrír möguleikar á nýtingu. Í fyrsta lagi væri hægt að vinna lífrænt eldsneyti en þar yrði ávinningurinn minnstur. Spírinn sé líka notaður á rannsóknarstofum og í alls kyns iðnaði. Þriðji og mest spennandi kosturinn sé að nýta etanólið sem vínanda. Til dæmis eins og í líkjöragerð eins og gert er í Foss. „Við sjáum fyrir okkur að við gætum þá útvegað íslenskan spíra, ef þetta gengur allt upp, til þessara íslensku framleiðenda sem þyrftu þá ekki að kaupa hann að utan,“ segir Björn. Vara á borð við til dæmis Björk og Birki yrði þá alíslensk vara. Og hann telur að hin alíslenska vara verði þá meira spennandi fyrir vikið. „Það er ákveðin saga að geta sagt að þetta sé spíri úr mysu og að þetta sé aukaafurð, sem hafi verið illa nýtt áður, en svo verða gerð verðmæti úr þessu,“ segir Björn.

> **Það er ákveðin saga að geta sagt að þetta sé spíri úr mysu og að þetta sé aukaafurð, sem hafi verið illa nýtt áður, en svo verða gerð verðmæti úr þessu**
>
> Björn S. Gunnarsson, vöruþróunarstjóri hjá MS

Foss tilkynnti í ágúst í fyrra að fyrirtækið væri á leið með vörur sínar, Björk og Birki, á markað í Bandaríkjunum og hefur varan verið í sölu þar um nokkurra mánaða skeið. Að auki er varan seld í Danmörku og svo auðvitað á Íslandi.

**jonhakon@frettabladid.is**

## Vikan sem leið

### 3,1 milljarðs hagnaður hjá Orkuveitu Reykjavíkur

Orkuveita Reykjavíkur (OR) hagnaðist um 3,1 milljarð króna á fyrstu níu mánuðum ársins. Rekstrartekjur námu 28,8 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins og hækkuðu milli ára. EBITDA nam 18,2 milljörðum króna. Rekstrarhagnaður, EBIT, nam 11 milljörðum króna.

### 16 prósenta hækkun á bréfum í Marel

Gengi bréfa í Marel hafa hækkað um 16 prósent það sem af er viku. Hækkunina má vafalítið rekja til þess að á laugardaginn var tilkynnt að Marel hefði samþykkt kaup á MPS meat processing systems fyrir 54 milljarða króna.

### Stærsti lyfjafyrirtækjasamruni sögunnar

Bandaríski lyfjaframleiðandinn Pfizer tilkynnti í vikunni að samningar hefðu náðst um yfirtöku fyrirtækisins á botox-framleiðandanum Allergan. Samningurinn er metinn á 160 milljarða Bandaríkjadala, 21.000 milljarða íslenskra króna. Því er um að ræða stærsta lyfjafyrirtækjasamruna sögunnar.

## Á döfinni

keldan
dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 25. nóvember**

**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Vinnumarkaður í október 2015.
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** - Fjöldi útgefinna vegabréfa.
**SEÐLABANKI ÍSLANDS** - Útgáfudagur Fjármálainnviða 2015
**HB GRANDI** - Afkoma þriðja ársfjórðungs
**REGINN** - Afkoma þriðja ársfjórðungs
**N1** - Afkoma þriðja ársfjórðungs

**Fimmtudagur 26. nóvember**

**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Nýskráningar og gjaldþrot í október 2015.
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Vísitala neysluverðs í nóvember 2015.
**REYKJAVÍKURBORG** - Birting uppgjörs fyrir fyrstu níu mánuði ársins.
**EIK** - Afkoma þriðja ársfjórðungs.
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Kjötframleiðsla í október 2015.
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Vísitala framleiðsluverðs í október 2015.
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Útungun alifugla í október 2015.
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Vöruskipti við útlönd, janúar-október 2015.

**Mánudagur 30. nóvember**

**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Verðmæti sjávarafla janúar-ágúst 2015.

visir Allar markaðsupplýsingar



# Vandað skrifstofuhúsnæði til leigu

Hjá Reitum færðu bæði stórt og lítið skrifstofuhúsnæði tilbúið til afhendingar eða lagað að þínum þörfum.



**Höfðabakki í Reykjavík**
**416 eða 908 m²**
Með útsýni.



**Hátún í Reykjavík**
**650 m² hús**
Tilbúið til afhendingar.



**Dalshraun í Hafnarfirði**
**400 eða 650 m²**
Innréttað að þínum þörfum.

Kynntu þér fleiri kosti á **reitir.is**

REITIR

*Velkomin til starfa*

# Íslenska krónan fellur á tíu ára fresti

**Sá stöðugleiki sem Íslendingar hafa upplifað í íslensku efnahagslífi undanfarið er sjaldgæfur. Hagfræðingur hjá Samtökum atvinnulífsins óttast að hann sé að glatast. Sveiflur á gengi krónunnar séu ekki gjaldmiðlinum að kenna heldur fyrst og fremst slakri hagstjórn.**

Í gegnum tíðina höfum við upplifað gengisfall krónunnar á tíu ára fresti, ýmist handstýrt eða ekki, sagði Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, á fundi um krónuna. Það voru Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi sem stóðu fyrir fundinum.

„Þetta er í raun hamfarasaga og ekkert annað en afleiðing slakrar hagstjórnar,“ sagði Ásdís. Hún lýsti yfir sérstökum áhyggjum af stöðu vinnumarkaðarins. „Hér er verið að semja um launahækkanir langt umfram getu hagkerfisins, langt umfram þá verðmætasköpun sem á sér stað,“ sagði Ásdís. Og bætti við að svigrúm til launahækkana ylti á framleiðniaukningu í íslensku atvinnulífi. Mesti vandinn sé fólginn í því að undanfarin ár hafi framleiðni á Íslandi aukist lítið sem ekkert og mun minna en fyrir hrun. „Það einskorðast þó ekki aðeins við Ísland, heldur glíma önnur iðnríki jafnframt við litla framleiðniaukningu,“ sagði Ásdís. Hún segir ástæðuna meðal annars vera þá að hagvöxtur sé drifinn áfram af vinnuaflsfrekum þjónustugreinum eins og ferðaþjónustu.

Ásdís sagði að undanfarin misseri hefði ríkt hér á Íslandi sjaldséður stöðugleiki. Verðbólga sé við markmið Seðlabankans, atvinnuleysi sé lítið, afgangur af viðskiptum okkar við útlönd auk þess sem ríkissjóður sé farinn að skila afgangi á ný. Það sé því vert að velta fyrir sér hvað sé fram undan og hvort einhverjar hættur séu í veginum.

„Við óttumst það að við séum á góðri leið með að glata stöðugleikanum“ segir Ásdís. Umsamdar launahækkanir ógna verðstöðugleikanum og nú þegar sjáum við merki þess efnis í innlendu verðlagi. Seðlabankinn hefur hækkað vexti og boðar frekari vaxtahækkanir.

„Við upplifum skammtíma kaupmáttaraukningu samhliða því sem gengisstyrkingin heldur verðbólgunni niðri. Á endanum mun þessi þróun hins vegar grafa undan samkeppnisstöðu þjóðarbúsins,“ sagði Ásdís. Boðaðar launahækkanir leggist þyngst á vinnuaflsfrekar greinar, þar á meðal ferðaþjónustuna.

Ásdís sagði að okkur hætti til að kenna krónunni um hvernig færi í stað þess að líta í eigin barm. Ástæða hrakfaranna sé fyrst og fremst slök hagstjórn, óábyrgir kjarasamningar, agaleysi í fjármálastefnu hins opinbera auk þess sem misbrestir hafi verið í miðlun peningastefnunnar.

Hún sagði að Norðurlöndin, sem Íslendingar vilji gjarnan bera sig saman við, færu aðrar leiðir til að auka kaupmátt. Þar sé í mun meiri mæli horft til verðmætasköpunar og laun þar hækki í samræmi við framleiðniaukningu. Það kemur vart á óvart að verðbólga þar verði lægri. „Og jafnframt leiðir þetta til þess að seðlabankar á Norðurlöndunum eru í öfundsverðri stöðu ólíkt Seðlabanka Íslands,“ sagði Ásdís, því þetta leiði til þess að síður sé þörf á vaxtahækkunum.

**Breytingar á gengi ISK gagnvart USD**
-breyting á ársmeðaltölum




*Heimildir: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands*



**Við óttumst það að við séum á góðri leið með að glata stöðugleikanum.**

Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins




Dæmi eru um að fólk sem lent hefur í mansali starfi í rækjuiðnaðinum í Taílandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Skelfilegar aðstæður starfsmanna Nestlé í Taílandi

Matvælaframleiðandinn Nestlé hefur tilkynnt að birgjar sjávarafurða þeirra hafi misnotað starfsmenn sína í Taílandi. Nestlé er eitt af fjölmörgum fyrirtækjum sem á í slíkum vandræðum í Taílandi.

Taíland er stærsti rækjuframleiðandi heims. Margir innflytjendur starfa í geiranum og aðrir eru einfaldlega seldir mansali þangað. Þeir vinna við hættulegar aðstæður, búa í lélegu húsnæði og lenda jafnvel í skuldum þar sem þeir þurfa að greiða háar fjárhæðir til þess að fá vinnu við að veiða og vinna fisk, sem svo endar hjá fyrirtækjum eins og Nestlé. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu sem Verité, bandarískur hópur sem beitir sér fyrir öruggum, sanngjörnum og löglegum vinnuskilyrðum, vann fyrir fyrirtækið.

Nestlé er einn stærsti matvælaframleiðandi heims, og framleiðir meðal annars Perrier, Haagen-Dazs og Nescafé.

Í nýju skýrslunni er máluð dökk mynd af starfsmönnum birgja þess í Taílandi. Þar kemur fram að margir hafa verið ginntir til starfa í geiranum með gylliboðum og oft ekki fengið launin sín greidd á meðan haldið var í skilríkin þeirra.

Nestlé er ekki fyrsta fyrirtækið sem lendir í þessu. CNN Money greinir frá því að í ágúst var lögð fram kæra í Kaliforníu gegn Costco þar sem þess var krafist að fyrirtækið merkti rækjur sem það seldi sem framleiðslu fólks í ánauð. Einnig var gerð krafa um að Costco hætti að kaupa rækjur af taílenska birginum.

Á mánudaginn sögðu talsmenn Nestlé í tilkynningu að fyrirtækið væri að vinna að því að bæta aðstöðu starfsfólks, meðal annars með því að fylgjast með hvaðan hráefnið kemur, með því að þjálfa skipstjóra veiðibáta og með auknu eftirliti. – sg


Skyndihjálp

Vinnuvernd ehf. býður vinnustöðum upp á námskeið í skyndihjálp, þar sem hjúkrunarfræðingur fer yfir grundvallaratriði skyndihjálpar.

20% afsláttur af veggmyndum og 2 klst. skyndihjálpar námskeiðum út desember.




Veggmyndir Vinnuverndar um skyndihjálp er hægt að fá á íslensku, pólsku og ensku í stærðunum A1 og A2.



VINNUVERNDehf
vellíðan í vinnu

Vinnuvernd ehf. | Brautarholt 28 | 105 Reykjavík | s: 5780800 | vinnuvernd@vinnuvernd.is | www.vinnuvernd.is




Búðu þig undir skapandi framtíð

Ferðin frá hugmynd að farsælu fyrirtæki með skýra framtíðarsýn kallar á öflugan samstarfsaðila.

Kynntu þér þjónustu okkar á arionbanki.is/fyrirtaeki

Fyrirtækjaþjónusta Arion banka

Arion banki
– fyrir framtíðina



Góðæri hafði verið í Noregi um langa hríð þar til olíuverð tók að falla sumarið 2014. Á myndinni má sjá olíuborpall dreginn á haf út frá Stafangri á Vestur-Noregi árið 2000. Stafangur og nærlægar byggðir hafa orðið hvað verst úti í norsku olíukreppunni. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Streyma til Noregs þótt gengið hrynji

**Þrátt fyrir 35 prósenta lækkun á gengi norsku krónunnar flytja enn mun fleiri Íslendingar til Noregs en aftur heim. Kreppan hefur haft hvað mest áhrif á verkfræðistofur sem fengið hafa allt að helming tekna í Noregi. Mun minna er upp úr vinnutúrum til Noregs að hafa.**

Ingvar Haraldsson
ingvar@frettabladid.is



Norska krónan hefur fallið um 35 prósent frá því þegar hún stóð hæst í ársbyrjun 2013. Þetta hefur haft mikil áhrif á þau fyrirtæki og einstaklinga sem unnið hafa í landinu síðustu árin. Ríflega 15 íslenskar krónur fást nú fyrir hverja norska krónu en 23 íslenskar krónur fengust í upphafi árs 2013.

„Lindin er að þorna upp,“ segir Árni B. Björnsson, framkvæmdastjóri Verkfræðingafélags Íslands og Tæknifræðingafélags Íslands. Hann segir nær allar íslensku verkfræðistofurnar hafa unnið að verkefnum í Noregi. Hjá sumum hafi 30-50 prósent af tekjunum orðið til þar í landi og fjöldi íslenskra verk- og tæknifræðinga sem unnið hafi í Noregi skipt hundruðum.

Verkefnum hafi fækkað verulega frá því olíuverð tók að falla sumarið 2014. „Samkeppnin fer mjög hratt harðnandi. Út af þessari fjarlægð okkar er kostnaðurinn fyrir íslensku verkfræðistofurnar að sinna þessum verkefnum mun meiri en fyrir þær norsku,“ segir Árni. Þá skipti skörp lækkun gengis norsku krónunnar á sama tíma og sú íslenska hafi verið að styrkjast einnig miklu máli.

Hann segist vita til þess að íslenskir verk- og tæknifræðingar séu farnir að flytja aftur til Íslands eftir að hafa verið sagt upp í Noregi.

### Lítið um verkefni í olíuiðnaði

„Það er alveg ljóst að gengisþróunin hefur veruleg áhrif á okkar samkeppnisstöðu í Noregi, sérstaklega í verkefnum sem við vinnum frá Íslandi,“ segir Guðmundur Þorbjörnsson, framkvæmdastjóri Eflu verkfræðistofu. Í kjölfar olíukreppunnar hafi olíufyrirtækin dregið saman seglin. „Þá losnar stór hópur tæknifólks sem leitar þá líka í önnur störf og eykur þannig samkeppnina á markaðnum.“

Guðmundur segir Eflu finna fyrir samdrættinum. „Verkefnum sem tengjast olíu hefur fækkað og er orðið mjög lítið um þau. Hins vegar höfum við sem betur fer verið á markaði þarna, sem ef eitthvað er hefur verið að eflast.“ Í því samhengi bendir hann á mikla innviðauppbyggingu sem Norðmenn hafa staðið að undanfarin ár.

### Fleiri flytja til Noregs en aftur heim

Þrátt fyrir gengislækkunina virðist lítil breyting vera á flutningum fólks til Noregs. 290 fleiri Íslendingar fluttu til Noregs á fyrstu níu mánuðum þessa árs miðað við 382 allt árið í fyrra og 301 árið 2013. Sigurður R. Ragnarsson, framkvæmdastjóri hjá ÍAV, segir að fólksflutningar aftur til Íslands hafi ekki orðið í þeim mæli sem vonast hafi verið eftir. „Fólk er auðvitað búið að flytja, með fjölskylduna jafnvel, til útlanda og þá er þetta töluvert mál og menn gera það ekkert einn tveir og þrír.“ Engu síður muni talsvert um gengislækkunina fyrir þá sem fái greitt í norskum krónum og skipti þeim í íslenskar. „Á sama tíma hefur atvinnuástandið á Íslandi verið að batna mikið síðasta ár og rúmlega það.“




**290**

**fleiri íslenskir ríkisborgar fluttu til Noregs en aftur til Íslands á fyrstu níu mánuðum þessa árs.**

### Ekki lengur öðruvísi land

Gengisfallið hefur helst verið rakið til lækkunar olíuverðs sem fallið hefur um 60 prósent frá því í júní árið 2014. Olíuiðnaðurinn nemur um tuttugu prósentum af landsframleiðslu Noregs og 27 prósentum af tekjum norska ríkisins. Þá hafa um 60 prósent af útflutningstekjum Norðmanna komið úr olíuvinnslugeiranum. „Norðmenn líkt og önnur ríki hafa þurft að aðlaga sig að breyttum aðstæðum. Þeir litu stundum svo á að þeir væru eins og þeir kölluð sjálfir „annerledeslandet“, að þeir væru svolítið sér á báti, en við þessa atburði hefur skórinn kreppt að þeim, ekki síður en öðrum,“ segir Gunnar Pálsson, fyrrverandi sendiherra Íslands í Noregi.

**Þeir litu stundum svo á að þeir væru eins og þeir kölluð sjálfir „annerledeslandet“, að þeir væru svolítið sér á báti, en við þessa atburði hefur skórinn kreppt að þeim, ekki síður en öðrum.**

Gunnar Pálsson, fyrrverandi sendiherra Íslands í Noregi



**Samkeppnin fer mjög hratt harðnandi. Út af þessari fjarlægð okkar er kostnaðurinn fyrir íslensku verkfræðistofurnar að sinna þessum verkefnum mun meiri en fyrir þær norsku**

Árni B. Björnsson, framkvæmdastjóri Verkfræðingafélags Íslands og Tæknifræðingafélags Íslands



Gunnar bendir á að verðfallið hafi haft mest áhrif í olíugeiranum sjálfum. „Verðfallið hefur orðið til þess að norsku olíufyrirtækin hafa dregið saman í starfsemi. Þau hafa dregið úr fjárfestingum og sagt upp starfsfólki í stórum stíl.“ Þetta hafi einnig haft mikil áhrif á fyrirtæki sem þjónusti olíuiðnaðinn, svo sem byggingar- og siglingageirarnir segir Gunnar.

### Hafa áhyggjur af fasteignabólu

Norski seðlabankinn hefur brugðist við olíukreppunni með því að lækka stýrivexti í 0,75 prósent og hyggst lækka þá enn frekar á næsta ári. „Þeir hafa verið að lækka vexti til þess að reyna að örva neyslu í landinu til að koma í veg fyrir samdrátt á neytendamarkaði,“ segir Gunnar.

„Eitt af því sem gerist við svona vaxtalækkanir er auðvitað að það verður miklu meira framboð af ódýru lánsfé. Norsk stjórnvöld hafa áhyggjur af því að það geti kynt undir frekari fasteignabólu,“ segir hann en fasteignaverð í Noregi hafi hækkað mikið áður en olíukreppan hófst.

Taki fasteignaverð að lækka gæti norskur almenningur lent í vandræðum. „Þá verða þeir svolítið berskjaldaðir ef slær í bakseglin. Stór hluti fjölskyldna í Noregi er skuldum vafinn. Þá gæti fólk lent í erfiðleikum með að standa skil á afborgunum þegar vextir hækka.“ ▶



**Tíu ráð til að bæta á sig**
**Offituvandinn er fyrirferðamikill í umræðunni en til eru þeir sem þurfa að hafa sig alla við til að viðhalda þyngd og bæta á sig.**
**BLS. 4**

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

PRÓGASTRÓ ... og meltingin kemst í lag
2 hylki fyrir stóra máltíð léttir á meltingunni!
Njóttu þess að borða jólamatinn
Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna

STÖÐ 3 +ENDALAUST TAL +1 GB Í GSM 1.990 kr. til 31. desember*
FÁÐU STÖÐ 3 Á BETRA VERÐI Í VETUR
Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is
365
*Gildir fyrir eina áskrift. Viðskiptavinir sem taka þessu tilboði fyrir 31. desember halda þessum kjörum í eitt ár.



**TOPPURINN** Hápunktur ferðarinnar að mati Steingríms var hátíðarsýningin í tilefni 70 ára afmælis Verkamannaflokks Norður-Kóreu.
MYND/AFP PHOTO/KCNA VIA KNS

# FERÐALAG TIL FORTÍÐARINNAR

**FRAMANDI LAND** *Þótt Norður-Kórea sé einangrað land og framandi flestum kemur það skemmtilega á óvart og hefur upp á margt að bjóða.*

Norður-Kórea er eitt einangraðasta land veraldar og hafa fáir Íslendingar heimsótt landið undanfarna áratugi. Nýlega hélt þó lítill hópur Íslendinga í ferðalag til landsins og dvaldi þar í rúma viku. Einn ferðalanganna var Akureyringurinn Steingrímur Jónsson sem segir að erfitt hafi verið að neita slíku tækifæri enda bjóðist honum ekki á hverjum degi að ferðast aftur til fortíðar. „Fyrir þá sem ólust upp í heimi þar sem Brezhnev, Honecker og Kim Il Sung réðu í vonda heiminum, en komust ekki til að skoða þann heim, er Norður-Kórea tækifærið til að kíkja aftur til fortíðar til að reyna að kynnast þeim heimi sem lagðist að mestu niður fyrir um aldarfjórðungi.“

**ÖLL GÖGN SKOÐUÐ**

Ferðaskrifstofan Söguferðir sá um skipulag ferðarinnar en tilefni hennar var 70 ára afmælishátíð Verkamannaflokks Norður-Kóreu og var ferðin farin í samstarfi við Vináttufélag Íslands og Norður- Kóreu. Ferðalangarnir voru innlimaðar í félagið og mynduðu sendinefnd þess við hátíðarhöldin. Steingrímur var spurður hvort hægt sé að kynnast þjóð þegar telja má að hópurinn hafi verið leiddur um og einungis sýnt það sem mátti sjá. „Já, er það ekki sama og alls staðar? En málið er að fara í ferðina með það að leiðarljósi að upplifa andrúmsloftið, hlusta með opnum huga en á sama tíma taka öllu með fyrirvara!“

Eftir stutt stopp í Kína tók hópurinn lest yfir landamærin til Norður-Kóreu. „Kóreskir landamæraverðir fóru yfir helstu ferðagögn, t.d. skáldsöguna sem ég tók með í flugið, fartölvuna, símann og að að sjálfsögðu var spurt hvort við værum með biblíur með okkur. Þeir sögðu okkur reyndar ekki hvaða misgóðu reynslu þeir hefðu af þess háttar bókmenntum. Næstu daga kom hins vegar í ljós að það var engin skortur á trú á áfangastað okkar, bara dálítið öðruvísi en við erum vön.“ ▶

3ja mánaða skammtur
Kollagen fyrir UNGLEGT og frísklegt útlit!
Eykur teygjanleika húðarinnar
natures aid 100% PURE MARINE COLLAGEN BEAUTY FORMULA
Frábær tvenna fyrir konur
**Kollagen** er prótein sem líkaminn framleiðir m.a. til að viðhalda slitþoli og teygjanleika húðarinnar. **Eftir 25 ára aldur fer kollagen framleiðslan minnkandi og þá byrja fínar línur og hrukkur** að myndast í húðinni. Kollagen er einnig talið gott fyrir hár, neglur og liði.
Kaupauki
**Femergy** er 100% náttúruleg orkubomba fyrir konur. Inniheldur m.a. Maca, Siberian Ginseng, Ginko biloba og Grape Seed extract.
Útsölustaðir: flest apótek, heilsubúðir og Fjarðarkaup

**GLÆSILEG BORG**

▶ Við tók lestarferð til höfuðborgar landsins, Pyongyang, en á leiðinni fylgdist hópurinn með íbúum landsins við störf á hrísgrjónaökrum. „Allt var unnið í höndum, helstu landbúnaðartæki voru uxar og algengast var að sjá fólk ferðast um á hjólum. Við sáum nokkra bændur á göngu með uxana sína þó að tilgangurinn væri ekki ljós. Einnig var afskaplega viðkunnanlegt að sjá gamla menn sitja yfir nokkrum akurhænum.“

Þrír fararstjórar biðu hópsins í Pyongyang. „Strax var stillt upp fyrir hópmynd sem birtist í dagblaði borgarinnar daginn eftir. Ekki náðum við eintaki en náðum samt að taka mynd af myndinni sjálfri þar sem blaðinu var stillt upp til lestrar í neðanjarðarlestakerfinu.“

Næstu daga fór hópurinn víðsvegar um borgina og segir Steingrímur Pyongyang einhverja glæsilegustu borg sem hann hafi heimsótt. „Minnismerki og glæsibyggingar voru á hverju strái og var Ryugyong-hótelið þar fremst í flokki. Bygging þess hófst árið 1987 og er ekki enn búið að opna hótelið. Enda ekki víst hvaða gesti hótelið á að hýsa þar sem afskaplega lítið er um ferðamenn í borginni. Aðrar byggingar voru látlausari en þó oft á tíðum mun meira ógnvekjandi þar sem búið var að strengja fánaborða á þær sem gerðu það að verkum að þær minntu helst á byggingar í Berlín þriðja ríkisins.“

**SÝNINGIN STÓÐ UPP ÚR**

Hópurinn heimsótti m.a. fæðingar- og dvalarstað leiðtoganna Kim Il Sung og Kim Jong Il, ríkislistasafnið, leit inn í dollarabúð, fór í eina ferð í neðanjarðarlestinni og leit inn í loftfimleikahús. Sædýrasafnið var heimsótt og tvö stríðssöfn auk heimsóknar á samyrkjubú. „Fulltrúi samyrkjubúsins lýsti því á tilfinningaþrunginn hátt eins og við fáum stundum að sjá í fréttastofu norðurkóreska ríkissjónvarpsins. Maður velti fyrir sér hvort stoltið yfir heimsókn leiðtoganna væri þvingað, raunverulegt eða jafnvel komið á trúarbragðastig.“

Hápunktur ferðarinnar var án efa hátíðarsýningin í tilefni 70 ára afmælis flokksins. Þrátt fyrir að Steingrímur myndi eftir fréttamyndum frá tímum Sovétríkjanna sálugu náði það varla að undirbúa hann fyrir það sem fyrir augu bar. „Tugir herfylkja sem minntu helst á rómverskar hersveitir úr Ástríksbókum gengu fram hjá okkur. Á eftir þeim fylgdu svo herjeppar, skriðdrekar og að lokum flugskeyti á risatrukkum. Í kjölfarið komu síðan almennir borgarar sem ýttu með sér ýmsum vögnum, sá fyrsti með styttu af þeim feðgum en þeir sem á eftir komu voru með táknmyndum úr sögu þjóðarinnar. Að lokum kom núverandi leiðtogi, Kim Jong Un, og veifaði okkur við mikla hrifningu. Um kvöldið var síðan kyndlasýning þar sem borgarar mynduðu ýmis tákn og texta, allir unnu sem einn maður og hvergi var feilspor að sjá.“

**STÓRMERKILEGT ÞJÓÐFÉLAG**

Þótt ferðin hafi einungis varað í rúma viku náði hópurinn örlítilli innsýn í þetta stórmerkilega þjóðfélag að sögn Steingríms. „Á sama tíma og við náðum að auka skilning okkar á þeim aðstæðum sem norðurkóreska þjóðin býr við þá vöknuðu jafnvel enn fleiri spurningar en þær sem við fengum svör við. Við sem fórum þessa ferð munum fylgjast með þessu þjóðfélagi með öðrum hug en hingað til.“



**LEIÐTOGINN** Steingrímur Jónsson fyrir framan einu myndina af núverandi leiðtoga, Kim Jong Un, sem sást á ferðalaginu. MYND/ÚR EINKASAFNI



**GRUNNURINN** Minnismerki um stofnun flokksins samanstendur af þremur megintáknunum; hamri, sigð og pensli. MYND/ÚR EINKASAFNI



**VIRÐING** Nokkrir íbúar settu blóm fyrir framan styttur af feðgunum Kim Il Sung og Kim Jong Il á Mansu-hæð. MYND/ÚR EINKASAFNI








# TÍU BESTU LÖNDIN

*Lonely Planet velur ár hvert bestu staðina að heimsækja. Nú er kominn upp listi yfir þau lönd sem gaman væri að heimsækja árið 2016.*

**1. BOTSVANA**

Í Botsvana ríkir lýðræði. Það þykir framsækið og upplýst land en aðalaðdráttaraflið er þó líklega villt náttúra og dýralíf. Landið þykir eitt stöðugasta land Afríku hvað varðar efnahag og þjóðfélagsgerð.

**2. JAPAN**

Í Japan má upplifa annan heim sem er undarleg blanda af menningu sem einkennist annars vegar af tækninýjungum og hins vegar af fornum hefðum.

**3. BANDARÍKIN**

Þjóðgarðaþjónusta Bandaríkjanna verður hundrað ára 2016. Þjónustan hefur umsjón með þeim 59 þjóðgörðum sem er að finna í landinu og hundruðum sögulegra kennileita.

**4. PALAÚ**

Einn af ævintýralegri stöðum til að kafa á í heiminum.

**5. LETTLAND**

Mikið starf hefur verið unnið í Lettlandi við að endurbyggja gamla kastala og herragarða sem komnir voru að falli.

**6. ÁSTRALÍA**

Ástralski dollarinn hefur veikst undanfarið sem gerir ferðalag þangað ákjósanlegra fyrir marga.

**7. PÓLLAND**

Mikill uppgangur hefur verið í ferðamannaþjónustu í landinu. Þá verður borgin Wroclaw menningarborg Evrópu á næsta ári.

**8. ÚRÚGVÆ**

Talið er að um þrjár milljónir ferðamanna muni heimsækja Úrúgvæ á næsta ári.

**9. GRÆNLAND**

Hið strjálbýla Grænland hefur aðdráttarafl fyrir þá sem kjósa einveru og náttúrufegurð.

**10. FÍDJÍEYJAR**

Stjórnarfar á Fídjíeyjum hefur loks komist í fast form eftir valdarán og annan óróa og ferðamönnum því ekkert að vanbúnaði að heimsækja þessa paradís á ný.

F **FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

GREEN DIAMOND
HARÐKORNADEKK

# VIÐ ERUM SANNFÆRÐ

## ...OG NOTUM HARÐKORNADEKKIN FRÁ GREEN DIAMOND



„Fyrir tveimur árum settum við Green Diamond Harðkornadekk undir forgangsbifreiðina okkar. Það er samdóma álit þeirra sem keyrt hafa bifreiðina að dekkin standist allar okkar kröfur um öryggi og mýkt við þau störf sem við sinnum. Dekkin eru hljóðlát og ekki sjálfgefið að dekk með þessa eiginleika séu á svo viðráðanlegu verði."

*Borgþór Vignisson, formaður Björgunarfélagsins Eyvindur, Flúðum.*

**PANTIÐ Á:**
panta@hardkornadekk.is
☎ 611 7799
www.hardkornadekk.is

# FRÁBÆR MEÐMÆLI...

## frá traustum og kröfuhörðum viðskiptavinum segja allt sem segja þarf!

**GARÐABÆR**

„Ég er búinn að nota Harðkornadekkin í tvö ár á pickup bíl. Þetta eru ein þau bestu dekk sem ég hef notað. Bíllinn er rásfastari og um leið mýkri í akstri á Harðkornadekkjunum en á öðrum dekkjum sem ég hef notað. Ég mæli eindregið með Green Diamond Harðkornadekkjunum."

*Sigurður Hafliðason forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar Garðabæjar.*

**isavia**

„Í stefnumiði Isavia er m.a. lögð áhersla á að lágmarka áhættu, stuðla að auknu öryggi og hafa umhverfismál í öndvegi. Það er því í góðu samræmi við stefnumið Isavia að hafa bifreiðar okkar á Green Diamond Harðkornadekkjum. Góð reynsla og hagstætt verð styður enn frekar þessa ákvörðun."

*Vilhjálmur Karl Karlsson sérfræðingur / Innkaupadeild.*

**ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN**

„Hjá Öryggismiðstöðinni erum við með allan okkar bílaflota á heilsársdekkjum. Undanfarin ár höfum við notað Harðkornadekkin með iðnaðardemantinum og hafa þau reynst vel í hálku og snjó. Dekkin uppfylla okkar markmið um að vera umhverfisvæn og örugg. Getum því með góðri samvisku mælt með Green Diamond Harðkornadekkjum.

*Reynir Valbergsson frkvstj. fjármálasviðs.*

**HAFNARFJÖRÐUR**

„Hafnarfjarðarbær hefur markað sér skýra stefnu í umhverfismálum og viljum við forðast nagladekkjanotkun og stuðla þannig að minni svifryksmengun. Eftir góða reynslu af notkun Harðkornadekkja frá haustinu 2012 munum við áfram velja Green Diamond Harðkornadekk umfram önnur dekk."

*Gunnar Guðnason umsjónarmaður tækja hjá Hafnarfjarðarbæ.*

**Jóhanna Lind Elíasdóttir**

„Ég hef ekið á Green Diamond Harðkornadekkjum í tvö ár og er svo ánægð að ekki kom annað til greina en að setja eins dekk undir bíl bóndans. Á ferðum mínum um landið hafa dekkin reynst mjög vel við allar aðstæður. Ekki skemmir fyrir að Green Diamond dekkin eru á mjög samkeppnishæfu verði."

*Jóhanna Lind Elíasdóttir ráðgjafi hjá Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins*

## Í Harðkornadekkjum eru iðnaðardemantar sem...

[Ath. iðnaðardemanta er ekki að finna í neinum öðrum „korna" dekkjum á Íslandi.]

– stórauka veggrip í hálku
– má keyra á allt árið
– auka rásfestu
– valda hverfandi svifryki
– endast allan líftíma dekksins

**VARIST EFTIR-LÍKINGAR!**

GREEN DIAMOND
HARÐKORNADEKK

JÓLAHLAÐBORÐ
1.990 kr.

Jólahlaðborð Minna manna hafa verið vinsæl síðustu ár, enda ódýr en einstaklega girnileg. Þau eru sérsniðin til að bjóða upp á í jólagleðinni á vinnustaðnum, heima eða í veislusal án nokkurrar fyrirhafnar.

**Verðið hefur verið það sama árum saman – aðeins 1.990 kr. á mann!**



**Pantanir hjá Magnúsi Inga Magnússyni í síma 696-5900 og á magnusingi@gmail.com.**

**HEITT OG KALT JÓLAHLAÐBORÐ**
- Síldarréttir
- Djúpsteiktar rækjur
- Kjúklingur
- Purusteik
- Hangikjöt
- Heit sósa
- Brúnaðar kartöflur
- Kartöflujafningur
- Fjölbreytt grænmeti
- Brauðkossar
- Súrsæt sósa

**1.990 kr. á mann**

MínirMenn VEISLUÞJÓNUSTA

**Nánari upplýsingar á minirmenn.is og á Facebook**



ALDA DÍS HEIM






Kemur út 27. nóvember

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR

26. nóv. kl. 20 Frystiklefinn, Rifi
3. des. kl. 20 Harpa, Reykjavík

ICELAND SYNC 365





HITA KÚTAR

Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.




**EKKI ENDILEGA HREYSTIMERKI** Það er ekki endilega til marks um heilbrigði að vera grannur.

# LÚXUSVANDAMÁL EÐA HVAÐ?

**TÍU RÁÐ** *Umræðan um aukakíló er fyrirferðarmikil hvert sem litið er. Minna fer fyrir umræðu um hvernig megi bæta á sig ef þess gerist þörf en staðreyndin er sú að margir eiga í erfiðleikum með að halda holdum.*

Ýmsar ástæður geta legið að baki því að fólk eigi erfitt með að halda holdum. Erfðaþættir ráða þar miklu en sömuleiðis andleg og líkamleg veikindi, lyf, reykingar og aðrar venjur. Hver svo sem ástæðan er getur ástandið verið hvimleitt og jafnvel heilsuspillandi en rannsóknir sýna að fólk sem er of grannt getur átt á hættu að þróa með sér hjarta- og æðasjúkdóma, sykursýki og aðra lífsstílssjúkdóma líkt og þeir sem glíma við offitu. Þeir sem eiga erfitt með að nærast geta líka liðið ýmiss konar næringarskort.

Þeir sem vilja bæta á sig þurfa að borða meira og stunda styrktaræfingar. Flestum er þetta að fullu ljóst en það getur engu að síður verið hægara sagt en gert enda getur þurft að bæta við sig allt að 1.000 hitaeiningum á dag umfram það sem þarf til að viðhalda þyngdinni. Þá þarf að gæta þess að troða sig ekki út af óhollustu enda á markmiðið fyrst og fremst að vera heilbrigði. Grannir einstaklingar falla oft í þá gryfju að borða allt sem þeim dettur í hug en vísbendingar eru um að sumir safni óafvitandi fitu í kringum innyflin sem getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér. Það er því vandratað en hér eru nokkur ráð:

**1.** Ef þú bætir við þig 500 kaloríum á dag ættir þú að þyngjast um hálft kíló á viku. Það er gott að hafa til viðmiðunar. Ef þú hreyfir þig mikið þarftu líklega að bæta fleiri hitaeiningum við.

**2.** Reyndu að velja orkuríkustu fæðutegundina í hverjum flokki. Veldu nýmjólk í stað undanrennu, lax í stað ýsu, feitar sósur frekar en magrar, lárperu í stað gúrku o.s.frv. Hafðu í huga að hvert gramm af fitu gefur rúmlega helmingi fleiri hitaeiningar en hvert gramm af próteini og kolvetnum.

**3.** Borðaðu næringarríkan og fjölbreyttan mat úr öllum fæðuflokkum. Ekki sleppa fæðutegundum eða festa þig í einhæfu sérfæði. Hafðu skynsemina að leiðarljósi.

**4.** Reyndu að borða orkuríka fæðu á milli mála sem er þó ekki rúmmálsfrek. Þannig kemur þú fleiri hitaeiningum fyrir án þess að fylla magann. Borðaðu til dæmis frekar hnetur og þurrkaða ávexti en mikið af franskbrauði.

**5.** Forðastu sykur. Það á við um jafnt feita sem granna. Hann gerir engum gott.

**6.** Reyndu að hafa hemil á streitunni með góðri reglu og góðum nætursvefni. Mikil streita getur dregið úr matarlystinni.

**7.** Leggðu stund á styrktaræfingar. Hreyfing yfirhöfuð eykur matarlyst. Ef ætlunin er að bæta á sig þarf þó að gæta að því að stunda ekki eingöngu þol- og brennsluþjálfun.

**8.** Bættu próteindrykkjum við mataræðið ef þú telur þig ekki fá nóg af próteini úr fæðunni en það getur stutt við vöðvauppbyggingu. Borðir þú fjölbreytt úr öllum fæðuflokkum ætti þess þó ekki að gerast þörf. Veljir þú að nota fæðubótarefni, gættu þín þá á þeim sykruðu. Veldu hreinni afurðir án bragðefna og bættu út í hina ýmsu grænmetis- og ávaxtaþeytinga. Lárpera er líka tilvalin í hvers kyns þeyting enda inniheldur hún góða fitu og gefur mjúka áferð. Sömuleiðis góðar olíur. Ef þú vilt bæta á þig ættir þú að bæta orkuríkum þeytingum við máltíðir en ekki láta þá koma í staðinn.



**9.** Gættu þess að sykurstuðull þeytinga sé ekki of hár með því að takmarka magn ávaxta og berja. Ávaxtadrykkir geta haft sams konar áhrif á blóðsykurinn og sykraðir drykkir.

**10.** Fáðu þér meira á diskinn en venjulega og drekktu úr stærri glösum. Hægt og sígandi eykst magamálið og lystin.

Heimildir: healthland.time.com/wikihow.com



**Sveinn Eyland**
Löggiltur fasteignasali
Sími 690 0820

Landmark leiðir þig heim!

# LANDMARK

FASTEIGNASALA

**Sími 512 4900**
**landmark.is**








**AÐEINS 4 ÍBÚÐIR**

- Glæsilegar 3 - 4 herb., nýjar útsýnisíbúðir á 4.hæð.
- Íbúðir eru 104.3 – 135.2 fm / gengið inn af svölum.
- Rúmgóðar 30 – 70 fm suður-svalir með íbúðum.
- Lyfta er í húsi og sérmerkt bílastæði með íbúðum.
- Vandaðar ínnréttingar frá PARKA / steinn í borðplötum í eldhúsi.
- MÖGULEGT AÐ KAUPA 30 – 60 FM BÍLSKÚR MEÐ ÍBÚÐUM.
- **LAUSAR TIL AFHENDINGAR FEBRÚAR 2016.**

**Verð: 56.9 – 69.9 millj. - Sveinn s: 6900.820**








**AÐEINS 5 ÍBÚÐIR EFTIR**

- Bjartar og vel skipulagðar 5.herb íbúðir
- Íbúðir eru afhentar fullbúnar án aðalgólfefna
- Búið er að flísaleggja baðherbergi og þvottaherbergi
- Stæði í bílgeymslu með öllum íbúðum
- Íbúðir eru 149 – 166 fm / 3-4 svefnherbergi
- Vandaðar innréttingar frá AXIS
- Íbúðir eru lausar til afhendingar við kaupsamning

**Verð kr. 45.7 – 46.9.- millj.**

EFTIRTALIN FYRIRTÆKI VEITA KAUPENDUM
AFSLÁTTARKJÖR AF VÖRUM Í VERSLUNUM SÍNUM

Betra BAK · HEIMA HÚSIÐ · LUMEX · Vogue FYRIR HEIMILIÐ · Birgisson · SMITH & NORLAND

**STÓRA BÍLASALAN**



Toyota Yaris Hybrid - Nýir bílar Árgerðir 2015. Sjálfskiptir. Rafmagns/ Bensín. Eigum bíla á staðnum. Verð aðeins 2.890.000kr. Raðnr 135146. Sjá nánar á www.stora.is



Toyota Avensis TS Active - Nýir bílar Árgerðir 2015. Beinsk. Dísel. Station. Bakkmyndavél o.m.fl.. Eigum bíl á staðnum. Verð aðeins 4.690.000kr. Raðnr 135149. Sjá á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

**LITLA bílasalan**
www.litla.is 587 7777



PORSCHE Cayenne diesel. Árgerð 2011, ekinn 55 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 9.590.000. Rnr.116668. er á staðnum

**Litla bílasalan**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 587 7777**
**www.litla.is**

## Bílar til sölu



Subaru Forester 2007. 129km, sjálfsk. Verð 1.090.000 eða tilboð. sími: 6162597

## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-500 ÞÚS!**

Óska eftir að kaupa bíla á allt að 500 þús. staðgreitt! Peir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en '01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér líst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!**

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Hjólbarðar

**VAKA**



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir




**JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA**

Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. '99-13. Kaupum flestar teg. bíla. Opið 8-18 virka Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

## Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

# PJÓNUSTA

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Tek að mér þrif á einkaheimilum. Öll almenn heimilisþrif í boði. Vönduð vinnubrögð. Aneta s: 7854272

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald







Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**LEKUR ÞAKIÐ ?**

Þakpappalagnir / Þakviðgerðir. Á steypt og timbur þök. Mikil reynsla, meðmæli geta fylgt. s. 8498700.

## Nudd

**NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SPÁSÍMI 908 6116**

Ástir, fjármál og heilsa. Einkatímar í s. 823 6393 Sirrý.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Viðgerðir

Heimilistæki - Viðgerðarþjónusta. Sækjum og skilum. Casa-Raf ehf S. 845 5976

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 Kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og laugardaga 10-16




Ungnautakjöt beint frá býli. Nýjung minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204.




## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði
Funahöfða 17a-19, Reykjavík
Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi
VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313**
**leiga@leiguherbergi.is**

**TIL LEIGU Á AÐEINS 1000 KR FM!**
129 - 5000 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Atvinnuhúsnæði

**GÓÐ FJÁRFESTING**

Til sölu mjög góð 50 m2 atvinnubil í Steinhellu 14, Hfn. Góð lán - auðveld kaup. Verð frá: 9,9 m S: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Upphitað og vaktað geymslurými. Verð frá 2900kr.mán. SÆKJUM OG SENDUM. S: 615-5005

# ATVINNA

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**NUDD?**

Ert þú nuddkona? Auglýstu þjónustu þína hjá Íslendingum.eu. Sláðu inn "Nudd.eu" fyrir nánari upplýsingar.

**VANTAR ÞIG PENINGA?**

Viltu spjalla í síma við heita karla gegn góðri greiðslu? 100% trúnaður. RaudaTorgid.is




## til leigu

# Til leigu! – Laugavegur

Til leigu á besta stað við Laugaveg;
100 m2 verslunarpláss í 1-2 mánuði, frá og með 1. des. 2015.

Nánari upplýsingar má fá á
100fm.laugavegur@gmail.com

## fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Maríubakki 22. 2ja herbergja íbúð.**

**Eignin verður til sýnis í dag, miðvikudag, frá kl. 17.15 – 17.45**




Falleg 68,4 fm. íbúð á 2. hæð að meðtaldri 4,8 fm. geymslu í snyrtilegu fjölbýli við Maríubakka í Breiðholti. Suðursvalir út af stofu. Nýleg innrétting í eldhúsi. Búið er að klæða húsið að utan með Steni klæðningu. Frábær staðsetning þar sem Mjóddin er í göngufæri.
**Verð 21,9 millj. Íbúð merkt 0201. Verið velkomin.**

**TRAUSTI fasteignasala**



*Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir*
Sölustjóri
Löggiltur fasteigna-, fyrirtækja og skipasali
Löggiltur leigumiðlari



*Kristján Baldursson hdl.*
Löggiltur fasteignasali
og leigumiðlari

## FENSALIR 12, ÍBÚÐ 0101




**OPIÐ HÚS MIÐVIKUD. 25.NÓV. KL 17:30-18:00**
Glæsileg 4ra-5 herbergja 122,6 fm endaíbúð á 1. hæð (gengið niður 5 þrep) í litlu fjölbýli í Salahverfinu í Kópavogi. Bílskúrs 26,8 fm. Alls 149,4 fm. Íbúðarrými er 119,7 fm og sérgeymsla í kjallara 2,9 fm. Rúmgóður suð-vestur pallur. Stutt í alla þjónustu, verslanir, skóla og íþróttir. **Ásett verð 44,9 millj.**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**




Efri hæð að stærð 110,3 m²
auk bílskúrs 22,8 m²
Einstaklings íbúð á forstofugangi, herbergi, snyrting og forstofa
Endurnýjað eldhús og baðherbergi
Rúmgóðar fallegar stofur
Útgengt á austursvalir úr hjónaherbergi

Verð: **49,9 millj.**



Nánari upplýsingar veitir
**Jórunn Skúladóttir**
löggiltur fasteignasali
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

## atvinna



**Frá Kvennaskólanum í Reykjavík**

# Framhaldsskólakennari

**Laust eru til umsóknar 50% starf framhaldsskólakennara í félags- eða fjölmiðlafræði á vorönn 2016.**

Æskileg menntun er meistarapróf í kennslugreininni sbr. lög nr. 87/2008. Ráðningartíminn er frá 1. janúar n.k. Launakjör eru skv. kjarasamningi framhaldsskólakennara og stofnanasamningi skólans.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf berist skólanum að Fríkirkjuvegi 9.

**Umsóknarfrestur er til 10. desember nk.**

Ekki þarf sérstakt umsóknareyðublað.
Skólameistari veitir nánari upplýsingar í síma 580 7600.

*Skólameistari*




## fundir / mannfagnaður



# ÍBÚAFUNDIR

DRÖG AÐ AÐALSKIPULAGI GARÐABÆJAR
**STEFNUMÓTUN**

**FUNDIRNIR VERÐA HALDNIR:**
**Í Álftanesskóla, miðvikudaginn 25. nóvember kl. 17.00 - 19.00**
**Í Flataskóla, fimmtudaginn 26. nóvember kl. 17.00 - 19.00**

**DAGSKRÁ FUNDANNA:**
1. Vinna við gerð aðalskipulags kynnt. Gerð verður grein fyrir stöðu verksins og þeim skipulagskostum sem taka þarf ákvarðanir um.
2. Opnar umræður og spurningum svarað.

Ábendingum og hugmyndum vegna nýs aðalskipulags er hægt að koma til skila með því að fylla út form á vef Garðabæjar eða með tölvupósti á netfangið: **adalskipulag@gardabaer.is**. Tekið verður á móti hugmyndum og ábendingum til 11. janúar 2016.

Fundirnir verða sendir beint út á vef Garðabæjar á slóðinni:
**gardabaer.is/utsending**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

**Seldu bílinn á sjálfsalinn.is**

Nýr auglýsingamiðill fyrir farartæki þar sem kaupendur
Og seljendur ganga frá viðskiptum milliliðalaust



**Skráðu bílinn frítt í nóvember**
**ENGIN SÖLULAUN**

SJÁLFSALINN.IS

# Laun íslensks heilbrigðisstarfsfólks nálgast kjörin í Noregi

Eftir gengislækkun norsku krónunnar gagnvart þeirri íslensku og nýja kjarasamninga hjúkrunarfræðinga og lækna hér á landi hefur dregið saman með launum þeirra miðað við norsk starfssystkin sín. Þannig voru meðaldagvinnulaun íslenskra hjúkrunarfræðinga 443 þúsund krónur í desember síðastliðnum miðað við 606 þúsund króna meðaldagvinnulaun hjúkrunarfræðinga í Noregi. Eftir að kjarasamningur hjúkrunarfræðinga tók gildi í haust urðu meðaldagvinnulaun hjúkrunarfræðinga hér á landi um 485 þúsund krónur. Í Noregi eru grunnlaunin hins vegar orðin 539 þúsund íslenskar krónur eftir gengislækkunina.

Þá hafa meðaldagvinnulaun norskra lækna umreiknuð í íslenskar krónur lækkað úr ríflega einni milljón í 932 þúsund krónur það sem af er þessu ári. Hins vegar hafa meðaldagvinnulaun íslenskra lækna hækkað úr 702 þúsund krónum í 842 þúsund.

Rósa Þorsteinsdóttir, gjörgæsluhjúkrunarfræðingur og framkvæmdastjóri Sólstaða, sem útvegað hafa íslenskum hjúkrunarfræðingum vinnu í Noregi, segir eftirspurn eftir hjúkrunarfræðingum í Noregi í haust hafa verið óvenjulitla. „Það er búið að vera óvenjurólegt í haust.“ Ekki sé gott að segja hvað skýri það þar sem það vanti mikið af hjúkrunarfræðingum í Noregi. Annasamasti tími ársins fyrir Sólstöður sé hins vegar á sumrin þegar fyrirtækið sendir flesta hjúkrunarfræðinga úr landi. Það muni skýrast betur eftir áramót hver eftirspurnin fyrir næsta sumar verður.



**539**

**þúsund íslenskar krónur eru meðaldagvinnulaun hjúkrunarfræðinga í Noregi.**

## Laun heilbrigðisstarfsmanna í Noregi og Íslandi*

| | Hjúkrunarfræðingar Ísland | Hjúkrunarfræðingar Noregi | Læknar Ísland | Læknar Noregi |
|---|---|---|---|---|
| Árslok 2014 | 443 | 606 | 702 | 1.026 |
| Eftir kjarasamninga 2015 | 485 | 539 | 842 | 936 |

*Meðaldagvinnulaun á mánuði í þúsundum íslenskra króna.*



Hjónin Ágúst Karl Ágústsson og Katrín Jónsdóttir fluttu ásamt dætrum sínum til Noregs árið 2010. Ágúst segir mikinn mun á lífskjörum milli landanna.

# Segir mun hagstæðara að búa í Noregi en á Íslandi

Ágúst Karl Ágústsson flutti út ásamt fjölskyldu vegna efnahagsástandsins á Íslandi í september árið 2010. Ágúst starfar hjá National Oilwell Varco, sem þjónustar olíugeirann. Hann hefur tekið vel eftir samdrættinum í geiranum. „Það eru búnar að vera miklar hópuppsagnir í kringum mig,“ segir Ágúst. Það eru nokkur þúsund manns, bara á þessu svæði búin að missa vinnuna, og þá aðallega verkfræðingar.“ Blessunarlega hafi engum þeirra Íslendinga sem vinni hjá fyrirtækinu verið sagt upp. Margir þeirra sem sagt hafi verið upp hafi hins vegar fengið vinnu á ný „Það er það mikið að gera í öðru. Það eru rosalegar framkvæmdir hérna, ríkið hefur spýtt svo mikið í. Þegar það er svona mikið atvinnuleysi kemur ríkið með mikið af framkvæmdum á móti,“ segir Ágúst og bendir á að farið hafi verið í miklar vega-, ganga og brúarframkvæmdir á svæðinu til að vega upp á móti samdrættinum í olíugeiranum.

Þá sé enn mikill munur á lífskjörum á Íslandi og í Noregi þrátt fyrir mikið gengisfall norsku krónunnar. „Hér eru nánast þrisvar sinnum hærri laun,“ segir hann. Verðlag sé hins vegar fremur sambærilegt, þó húsnæði og rafmagn sé talsvert dýrara. „Það er mun meira eftir, hér getur þú átt afgang eftir hver mánaðamót.“


# VIÐ PRENTUM



Umbúðir • Bækur • Tímarit • Fyrir skrifstofuna • Bæklingar • Fjölpóstur • Kynningarefni • Dagblöð • Stafrænt • Allskonar!

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

Suðurhraun 1 | Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

ODDGEIR REYNISSON



## Frá Nova til Arion

Oddgeir Reynisson hefur verið ráðinn útibússtjóri Arion banka í Fjallabyggð, en Arion banki starfrækir útibú bæði á Siglufirði og Ólafsfirði. Oddgeir er viðskiptafræðingur að mennt. Síðastliðin átta ár starfaði hann sem rekstrarstjóri hjá fjarskiptafyrirtækinu NOVA og á árunum 2001-2007 sinnti hann ýmsum stjórnunarstörfum hjá Emblu, Medcare og Flögu. Á árunum 1995-2001 var Oddgeir fjármálastjóri hjá Nesskipum. Oddgeir er kvæntur Herdísi Guðmundsdóttur og saman eiga þau þrjú börn. Fjölskyldan mun setjast að á Siglufirði. **– jhh**

INGIBJÖRG ÁSTA HALLDÓRSDÓTTIR



## Ingibjörg Ásta til SagaMedica

Ingibjörg Ásta Halldórsdóttir hefur verið ráðin sölu- og markaðsstjóri hjá SagaMedica. Ingibjörg Ásta hefur þegar hafið störf og mun hafa yfirumsjón með sölu og markaðssetningu félagsins á innlendum og erlendum mörkuðum. Ingibjörg hefur margra ára reynslu í sölu- og markaðsmálum og hefur m.a. gegnt stöðu markaðsstjóra hjá Into the Glacier, og markaðsstjóra Pennans og Eymundsson. **– sg**

# Stýrir 450 manna fyrirtæki á daginn og ríður út á kvöldin

Bergþóra Þorkelsdóttir tók við starfi forstjóra ÍSAM ehf. í síðustu viku. Hún er dýralæknir að mennt en lærði svo markaðsfræði og rekstrar- og viðskiptafræði. Bergþóra starfaði áður sem framkvæmdastjóri hjá Fastusi, dótturfélagi ÍSAM. Hún er hestakona og telur nauðsynlegt að hlaða batteríin í náttúrunni.

## SVIPMYND

BERGÞÓRA ÞORKELSDÓTTIR



Bergþóra Þorkelsdóttir er menntaður dýralæknir en hefur sinnt stjórnunarstöðum síðustu tuttugu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Nýja starfið leggst svakalega vel í mig, það er mikið af skemmtilegu fólki að vinna þarna og mörg tækifæri að takast á við," segir Bergþóra Þorkelsdóttir sem á dögunum var ráðin forstjóri ÍSAM. Um 450 manns starfa hjá samstæðunni sem er ein af elstu heildsölum landsins.

Bergþóra tók við starfinu í síðustu viku af Agli Ágústssyni. „Ég er búin að vera að eyða þessum fyrstu dögum í að sjá sem flesta af starfsfólkinu og líst gríðarlega vel á," segir Bergþóra.

Bergþóra er menntaður dýralæknir en hún hefur einnig stundað nám í markaðsfræðum við Chartered Institute of Marketing í Bretlandi og í rekstrar- og viðskiptafræði við Háskóla Íslands.

Hún hefur sinnt stjórnunarstörfum í rúm tuttugu ár. Bergþóra gegndi stöðu framkvæmdastjóra hjá Fastusi ehf., dótturfélagi ÍSAM, frá árinu 2012. Fyrir þann tíma starfaði hún sem framkvæmdastjóri hjá Líflandi og Kornaxi.

„Ég vann aðeins sem dýralæknir fyrir mörgum árum og hef líka unnið við tengd störf, við gæðaeftirlit og svoleiðis í gamla daga. Svo tóku örlögin í taumana og stefndu mér í þessa átt. Þetta er eins og gengur á Íslandi, tækifærin koma og þá einhvern veginn beinist maður í eina átt frekar en aðra. Ég beindist strax inn á stjórnunarbraut og áttaði mig á því að þar ætti ég heima og hef leitast við að efla mig þar," segir Bergþóra.

> **Ég vann aðeins sem dýralæknir fyrir mörgum árum og hef líka unnið við tengd störf, við gæðaeftirlit og svoleiðis í gamla daga. Svo tóku örlögin í taumana og stefndu mér í þessa átt.**

Bergþóra er gift Auðuni Hermannssyni mjólkurverkfræðingi en hann starfar sem framleiðslu- og tæknistjóri hjá Mjólkursamsölunni. Þau eiga tvær dætur.

Utan vinnu ríður Bergþóra út en hún á hesta. Hún telur nauðsynlegt að fara út í náttúruna til að endurhlaða batteríin. „Ég er hestakona og beini kröftunum þangað þegar ég er ekki að vinna. Ég reyni að komast á bak þrisvar til fjórum sinnum í viku. Við erum í hestunum, hjónin, og börnin okkar eftir því sem hefur hentað þeim," segir Bergþóra. Hún stundar einnig líkamsrækt og nýtur þess að vera með fjölskyldu og vinum.

**saeunn@frettabladid.is**






SINDRI SINDRASON ER MÆTTUR AFTUR

# HEIMSÓKN

Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum. Heimilin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó eitt sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekklegheitum. Sindri hefur líka einstakt lag á að ná fram því besta í viðmælendum sínum.

## Sjávarútvegur

**Helga Sigurrós Valgeirsdóttir**
viðskiptastjóri á fyrirtækjasviði Arion



# Staða og horfur

Það er margt spennandi fram undan í sjávarútvegi á Íslandi. Við í Arion banka fengum Íslenska sjávarklasann í lið með okkur til að greina stöðu og horfur í nokkrum af þeim viðfangsefnum sem geta haft veruleg áhrif á þessa mikilvægu útflutningsgrein þjóðarinnar. Niðurstöðurnar er að finna í ritinu Íslenskur sjávarútvegur – Staða og horfur, sem bankinn gaf út í tengslum við Sjávarútvegsráðstefnunna í síðustu viku. Meðal þeirra viðfangsefna sem tekin eru fyrir í ritinu er úttekt á möguleikum fólgnum í frekari vinnslu fersks fisks til útflutnings. Á síðustu 14 árum hefur útflutningsverðmæti ferskra afurða aukist um 26 milljarða króna. Með áframhaldandi þróun í þessa átt og frekari vinnslu fersks fisks er ljóst að verðmætin geta aukist enn frekar.

Sjávarútvegur vegur þungt í landsframleiðslu okkar Íslendinga. Í ritinu skoðum við hvernig gengi krónunnar hefur áhrif á framlag greinarinnar til landsframleiðslunnar. Hefði gengið til dæmis styrkst um 10% á ári frá árinu 2008 hefði uppsafnaður virðisauki í sjávarútvegi verið 246 milljörðum lakari en hann í raun var (á föstu verðlagi). Við lítum einnig til mögulegrar þróunar í fiskeldi á Íslandi. Gangi samspil mikilvægra umhverfisþátta, grunnrannsókna og uppbyggingar innan greinarinnar upp þá getur fiskeldi orðið mikilvægt íslenskum efnahag. Auk þess að stuðla að fjölbreyttari atvinnuuppbyggingu á einhæfum atvinnusvæðum landsins þá gæti greinin skilað umtalsverðum útflutningstekjum, 40-65 milljörðum króna, takist að byggja eldi upp í 50 þúsund tonna ársframleiðslu og halda því verði sem eldisafurðir okkar seldust á árið 2014.

Það er sérstaklega athyglisvert þegar litið er til þeirra ólíku viðfangsefna sem í ritinu er að finna hversu oft málefni flutningskerfisins koma upp. Þróun flutningskerfa hér á landi hefur skipt okkur máli og kemur til með að gera það áfram á eylandinu Íslandi. Til dæmis er nú um helmingur botnfisksafla unninn á suðvesturhorni landsins. Fyrir rúmum 20 árum voru þetta 36%. Vinnsla fersks fisks flyst stöðugt nær útflutningsleiðum okkar, Sundahöfn og Keflavíkurflugvelli. Það skiptir máli að lágmarka tímann frá vinnslu fersks fisks þar til hann stendur neytendum handan hafsins til boða. Ef við ætlum að auka útflutning á ferskum fiski enn frekar er mikilvægt að flutningsgeta með flugi vaxi samhliða því, sérstaklega þegar horft er til Bandaríkjamarkaðar. Þetta er einnig mikilvægt þegar horft er til þess að ná frekari árangri á Asíumörkuðum, þá skiptir miklu máli að þróa flutningakerfi okkar í takt við það.

Tækifærin eru mýmörg, við stöndum framarlega í þróun veiði- og vinnslutækni og nýsköpunar í sjávarútvegi. Það er spennandi að starfa með og innan íslensks sjávarútvegs.

## Jólanna beðið í Alexa




Parísarhjólið við Alexa-verslunarmiðstöðina í Berlín skartar sínu fegursta. Eins og víða annars staðar er allt að verða mjög jólalegt í verslunarmiðstöðinni. Alexa var opnuð 2007 og er ein sú stærsta í Berlín. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# „Lars, þú ert feitur!“



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Þegar ég var enn að vinna hjá Danske Bank hélt ég fyrirlestur fyrir 40-50 samstarfsmenn sem unnu sem fjárfestingaráðgjafar hjá Danske Banksamstæðunni.

Þegar ég ætlaði að fara að byrja á kynningunni sagði einhver við mig: „Áhorfendurnir hafa verið hálfþöglir í dag.“ Ég leit á þetta sem áskorun og stökk þegar í stað upp á borðið. Það vakti mannskapinn.

Ég bað áhorfendurna að giska á hvað ég væri þungur. Þeir skrifuðu allir getgátur sínar á bréfmiða. Svörunum var safnað saman og meðalágiskunin – „sameiginlega spáin“ – var reiknuð út á meðan ég hélt áfram með fyrirlesturinn.

Ég hóf fyrirlesturinn á að segja af hverju allar mínar spár væru gagnslausar – eða að minnsta kosti skyldu þeir ekki vænta þess að ég gæti gert betur en markaðurinn. Ég vildi auðvitað sýna einmitt það með litlu brellunni minni. Hún snerist um að sýna hina svokölluðu visku fjöldans – eða einfalda partíútgáfu af því sem hagfræðingar kalla Kenninguna um skilvirkan markað.

Ég vigta mig sannarlega ekki á hverjum degi, svo ég „giskaði“ á mína eigin þyngd og sagði áhorfendunum að ég væri 81 kíló (fullklæddur). Ég lít yfirleitt svo á að ég sé rétt undir 80 kílóum, en ég reyndi að leiðrétta þyngdina vegna þess að ég var fullklæddur – og bætti svo aðeins við.

Eins og alltaf var ég þess fullviss að niðurstaða „könnunarinnar“ yrði nálægt „réttu“ tölunni. Svo það kom mér á óvart að „sameiginlega spáin“ um þyngd mína reyndist vera 84,6 kíló.

Hún var nógu nærri réttu lagi til að ég gæti haldið því fram að „markaðurinn“ væri góður í að „spá“, en ég verð að segja að ég taldi „úrskurðinn“ rangan – næstum 85 kíló. Það er að vera feitur.

> **Þegar ég kom heim hoppaði ég beint á vigtina – í þetta eina skipti vildi ég sýna að markaðurinn hefði rangt fyrir sér. En niðurstaðan var jafnvel enn miskunnarlausari. 84 kíló!**

Þegar ég kom heim hoppaði ég beint á vigtina – í þetta eina skipti vildi ég sýna að markaðurinn hefði rangt fyrir sér. En niðurstaðan var jafnvel enn miskunnarlausari. 84 kíló!

Svo „sameiginlegu spánni“ skeikaði aðeins um hálft kíló og var mun betri en mín eigin ágiskun. Ekki nóg með að ég væri feitur heldur hafði „markaðurinn“ sigrað mig í að giska á mína eigin þyngd.

Hvað má svo læra af þessari litlu tilraun – annað en að ég þurfi að megra mig? Mikilvægasta lexían er að það er mjög erfitt að hafa betur en markaðurinn – eða „fjöldinn“ – meðaltalsspáin er oft sú besta sem við höfum.

Þegar kemur að fjárfestingum ættum við að segja sjálfum okkur að það sé gríðarlega mikilvægt að vera auðmjúkur. Þegar við fjárfestum ættum við að segja við okkur sjálf að það sé mjög ólíklegt að við getum alltaf sigrað markaðinn.

Og að lokum: Þótt maður hafi einu sinni haft rétt fyrir sér – og allir Íslendingar vita að það hef ég haft – þýðir það ekki að maður geti alltaf spáð rétt um hvað muni gerast í framtíðinni. Svo þegar einhver kemur og segir hvað muni gerast á verðbréfamörkuðum í framtíðinni er eins gott að líta á hvað „fjöldinn“ segir á sama tíma.

Sjálfur myndi ég aldrei halda því fram að ég gæti alltaf vitað betur en markaðurinn, og það gerir mann ekki að lélegum hagfræðingi – maður er bara lélegur hagfræðingur ef maður er ekki nógu auðmjúkur til að átta sig á hve máttug viska fjöldans er.

# Pláss fyrir alla?

## Hin hliðin

**Birna Ósk Einarsdóttir**
framkvæmdastjóri hjá Símanum



Hvernig getum við náð betri árangri í sölunni? Náð niður kostnaðinum? Stækkað viðskiptavinahópinn? Viðfangsefnin eru margvísleg og mikilvægt að svara því með hvaða hætti við fáum það besta út úr fólkinu okkar. Þegar það tekst náum við þeim árangri sem við viljum sjá. Við þurfum að vita hvernig mismunandi aldur, menntun og sérþekking nýtist best til að tryggja árangur fyrirtækisins.

Svarið er alls ekki einfalt og allar alhæfingar vandasamar. Það má þó einfalda stöðuna með því að skoða hvað mótar kynslóðir. Því hefur C-kynslóðin á vinnumarkaði verið kynnt til leiks, fólkið sem er nú á leið út á vinnumarkaðinn. Lýsing á dæmigerðum starfsmanni framtíðarinnar, fulltrúa C-kynslóðarinnar, er að hann sé minna háður föstum launum og þar með vinnuveitandanum en áður. Hann vill velja sér starfsvettvang út frá æðri tilgangi starfsins og er vanur að lifa lífi sínu að miklu leyti á samfélagsmiðlum. Þá tekur hann sér leiðtogahlutverk í umhverfi sínu, hvort sem hann hefur verið ráðinn til þess eða ekki.

Eitt er að hugsa sér leiðir til að ná í, hvetja og halda fulltrúum þessarar nýju kynslóðar á vinnustaðnum. Annað er að láta þær aðgerðir ekki yfirskyggja aðrar áherslur í stjórnun sem miða að því sama gagnvart öðrum starfsmannahópum.

Vinnuumhverfið þarf að höfða til ólíkra starfsmanna og uppfylla þarfir þeirra. Rétt eins og við viljum fjölbreyttan bakgrunn viðskiptavina í fámennu landi reiðum við okkur á margbreytilega þekkingu og bakgrunn starfsfólks. Samspil þessarar þekkingar, reynslu og frumlegrar hugsunar skapar farsælan rekstur fyrirtækja.

Eftir áralanga reynslu og samtöl hef ég séð að C-kynslóðin eins og aðrar vill vita til hvers er ætlast af henni í starfi. Hún vill góða þjálfun og skemmtilega vinnufélaga. Hún vill að við treystum henni fyrir verkefnum sínum og að við gefum henni tóm til að leysa þau. Er þetta svo ólíkt öðrum starfsmannahópum?

Umhverfið mótar hins vegar kynslóðirnar. Ef við þekkjum það sem hvetur starfsfólk áfram vitum við hvernig best má mæta þeim þörfum. Við fáum tækifæri til að skapa vinnuumhverfi þar sem ólíkar kynslóðir ná árangri saman; starfsmönnum, stjórnendum og fyrirtækinu til framdráttar.

HJÁLPAÐU okkur að hjálpa ÖÐRUM

# Landssöfnun Samhjálpar

TIL UPPBYGGINGAR MEÐFERÐARHEIMILIS Í HLAÐGERÐARKOTI



ÞÖKKUM STUÐNINGINN!

Lýsing • BYKO • A4 • BL • Icelandair Group • Eimskip • KFC • Gæða • Blue Lagoon Iceland • Íslandsbanki • Olís • Steypustöðin • Límtré Vírnet • Frostfiskur • Ispan • Pokasjóður • Aalborg Portland • Armar • ÞG-Verk • Vaki • Atlantsolía • Trésmiðjan Börkur • Skuggi • Ístak

# HJARTANS ÞAKKIR!

## NÚ GETUR UPPBYGGING HLAÐGERÐARKOTS HAFIST.

**Samhjálp þakkar innilega fyrir allan þann stuðning sem söfnunin fyrir Hlaðgerðarkot fékk frá samfélaginu.** Styrktaraðilar okkar fá sérstakar þakkir og ekki síður beinist þakklæti til allra hinna; til þeirra þúsunda Íslendinga sem hringdu í styrktarsímanúmerin, gáfu beinar peningagjafir og unnu sjálfboðaliðastarf við söfnunina.

Söfnunin skilaði rúmlega 80 milljónum kr. og gerir okkur kleift að ráðast í nýbyggingu við Hlaðgerðarkot. Með þinni hjálp getum við haldið áfram að hjálpa öðrum.

## ENN ER HÆGT AÐ TAKA ÞÁTT!

HRINGDU NÚNA Í SÍMA 905-2002 TIL AÐ GEFA 2.000 KR.
HRINGDU NÚNA Í SÍMA 905-2004 TIL AÐ GEFA 4.000 KR.
HRINGDU NÚNA Í SÍMA 905-2006 TIL AÐ GEFA 6.000 KR.
HRINGDU NÚNA Í SÍMA 905-2010 TIL AÐ GEFA 10.000 KR.

ÞÚ GETUR MILLIFÆRT BEINT INN Á SÖFNUNARREIKNING
KENNITALA 551173-0389 BANKAREIKNINGUR 0322-26-58000

SENDU SMS Í NÚMERIÐ 1900 MEÐ TEXTANUM SAMHJALP OG ÞÁ SKULDFÆRAST 1.900 KR.

FRJÁLS FRAMLÖG Í SÍMA 561 1000 EF ÞÚ VILT GEFA BEINT.

Samhjálp

www.facebook.com/samhjalp.is
samhjalp@samhjalp.is
Sími 561 1000 • www.samhjalp.is

TAKK FYRIR:

Pokasjóður • Atlantsolía • Byko • Ispan ehf • Olís • Steypustöðin ehf og Álborg Portland Íslandi ehf • Ístak hf. • Skuggabyggð • Límtré Vírnet ehf • Trésmiðjan Börkur hf, Akureyri • Frostfiskur ehf, Þorlákshöfn • Armar ehf • Íslandsbanki • Vaki Fiskeldiskerfi hf • ÞG verk • SET röraverksmiðja hf, Selfossi • Ó Johnson & Kaaber ehf heildsala • Íslandslyftur ehf • Öryggismiðstöðin • Ormsson • Rekstrarfélagið 10 11 • AÞ-þrif ehf • Toyota á Íslandi • Gistiheimilið Akurinn • Esjar ehf. • Guðmundur Arason ehf. • Viðskiptavit • Tengi ehf • Íslenska Gámafélagið • Nortek ehf • Flugfélag Íslands • Trésmiðja GKS ehf • Poulsen ehf • Heimilistæki ehf • Samhentir – kassagerð ehf og Vörumerking ehf • Garðheimar Gróðurvörur ehf • Brim hf • Fossberg ehf • Margt Smátt • Mountenairs of Iceland • Hvalaskoðun Reykjavík ehf. • Hópsnes ehf Grindavík • Lyfja • BM Vallá ehf • N1 • Fastus ehf • Golfklúbburinn Tuddi • Matvís • Garðaþjónusta Íslands • Icelandic Fish & Chips • Áberandi skiltagerð • Bruggsmiðjan Kaldi • Vélsmiðjan Sveinn ehf. • Ísafjarðarleið ehf. • Cintamani • KC málun • Bortækni • Lionsklúbburinn Ægir • Glóey ehf. • B. Sturluson ehf. • Og þúsundir Íslendinga!

DYNAMO REYKJAVÍK

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 25. nóvember 2015

FTSE 100
6.277,23 -28,26
(0,45%)

vísir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti


## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Svarthvítt Ríkisútvarp

**Ef taka ætti** mark á þeim sem hæst hafa í umræðunni um Ríkisútvarpið mætti halda að Ísland væri eina landið í heiminum þar sem styr stendur um starfsemi ríkisfjölmiðla. Þannig hafa margir beitt fyrir sig rökum á þá leið að til dæmis BBC í Bretlandi eða DR í Danmörku séu standandi dæmi um mikilvægi og tilverurétt almannafjölmiðla. Röksemdir sem þessar eru hins vegar mikil einföldun.

**Í fyrsta lagi** bera þær þess vott að fólk geti einungis verið með eða á móti Ríkisútvarpinu. Annaðhvort verði RÚV lagt niður eða það starfi áfram í nokkurn veginn óbreyttri mynd.

**Skoðanir** flestra falla væntanlega á milli. Stjórnarmaðurinn telur til dæmis að ríkisfjölmiðlar eigi rétt á sér, þeir eigi hins vegar að forðast samkeppni við einkaaðila. Þannig á Ríkisútvarpið ekki að bjóða þjónustu sem er nú þegar í boði annars staðar, það á ekki að keppa við einkaaðila um efniskaup og ekki að standa í auglýsingasölu. Í þessari skoðun felst vilji til að breyta Ríkisútvarpinu, ekki leggja það niður.

**Í öðru lagi** þá vill oft brenna við að þegar gripið er í samanburð við erlenda ríkisfjölmiðla þá séu slíkir fjölmiðlar sveipaðir einhvers konar dýrðarljóma. Vitanlega er það ekki svo. Fyrir hvern þátt af David Attenborough á BBC, er fjöldi útsendinga af hæfileikakeppnum ýmiss konar, sem þó er ekki þverfótað fyrir á einkastöðvunum.

**BBC** er líka illa rekin stofnun á flesta mælikvarða. Svo mjög að stofnuninni hefur verið gert að skera niður um 140 milljarða króna á næstu sjö árum. Fyrstu skrefin hafa nú verið stigin í þá átt. M.a. stendur til að skera stórlega niður framboð á íþróttaefni enda ofgnótt af slíku í boði hjá einkaaðilunum. Þannig hefur BBC nú þegar gefið eftir réttinn á opna breska meistaramótinu í golfi og til stendur að gera slíkt hið sama varðandi Formúlu 1 kappaksturinn.

**Samanburður** leiðir líka í ljós mikla sóun. Á BBC eru t.d. 129 fjölmiðlafulltrúar á meðan hjá ITV starfa 35. ITV selur þó eigið efni um allan heim. Launakostnaður hjá félaginu er sömuleiðis gríðarlegur og jókst um 20 milljarða króna í fyrra. Ljóst er að taka þarf til á ýmsum vígstöðvum eigi sparnaðaráform að standast.

**BBC** er því ekki gallalaust frekar en önnur fyrirtæki. Engum dettur hins vegar í hug að þeir sem berjast fyrir umbótum í rekstri stofnunarinnar séu allir sérstakir óvinir almannaútvarps.


ÞJÓNUSTA

GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


## 2,1 MILLJÓN GESTA SÓTTI SÖFN OG SÝNINGAR 2014

Ríflega 2,1 milljón gesta sótti söfn og sýningar heim árið 2014, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Þetta er í fyrsta sinn sem gestafjöldinn fer yfir tvær milljónir. Gestum fjölgaði um ríflega 400 þúsund milli ára, eða um 24 prósent. Ætla má að aukna aðsókn gesta megi rekja til aukins framboðs sýningarstaða og aukins ferðamannastraums.

## 99,7 PRÓSENT SAMÞYKKTU NAUÐASAMNING

Kröfuhafar LBI (gamla Landsbankans) samþykktu frumvarp að nauðasamningi með um það bil 99,7 prósentum atkvæða á kröfuhafafundi á mánudaginn. Greidd voru atkvæði eftir fjárhæð fyrir 96,67% heildarkrafna í atkvæðisskrá. Í samræmi við þessa niðurstöðu mun slitastjórn leggja fram kröfu um staðfestingu nauðasamningsins.

## 20.11.2015

**Ég er gríðarlega hugsi yfir þessu öllu. Er staðan virkilega sú að menn sem eru ákærðir þurfa að una því að hafa lítinn sem engan aðgang að gögnum sem sýna sakleysi og að mögulegum gögnum sem sýna sakleysi sé eytt.**

Jóhannes Baldursson, sakborningur í Stím-málinu




....LIFUN



TRÚBROT

Tónlist hinnar goðsagnakenndu hljómsveitar **TRÚBROTS** verður flutt á sviði Eldborgar þann 12. febrúar. Þar verður einnig eitt helsta meistaraverk íslenskrar tónlistarsögu, **....LIFUN**, flutt í heild sinni, en verkið er 45 ára í ár. Meðlimir **TRÚBROTS**, þau Gunnar Þórðarson, Magnús Kjartansson og Shady Owens, skipa hljómsveitina ásamt þeim Eyþóri Gunnarssyni, Friðriki Karlssyni, Gunnlaugi Briem, Jóhanni Ásmundssyni, Pétri Grétarssyni, Stefáni Jakobssyni, Andra Ólafssyni og Stefaníu Svavarsdóttur. Ekki missa af sannkallaðri veislu í Hörpu þar sem tónlist **TRÚBROTS** fær að hljóma og andi hippakynslóðarinnar svífur yfir vötnum.

**12. FEBRÚAR Í ELDBORG**

Miðasala hefst í dag kl. 10:00
á tix.is, miðasölu Hörpu og í síma 528-5050.

HARPA
DÆGURFLUGAN



Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir er langmarkahæst í deildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Selfyssingarnir sér á báti

**Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir er með átján marka forskot á listanum yfir markahæstu konurnar í Olís-deildinni þegar deildin fer í eins og hálfs mánaðar frí.**

**HANDBOLTI.** Tveir leikmenn Olís-deildar kvenna náðu að rjúfa hundrað marka múrinn áður en deildin fór í jólafrí en síðustu leikirnir í tæpar sjö vikur fóru fram um síðustu helgi.

Leikmennirnir sem um ræðir eru Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir og Díana Kristín Sigmarsdóttir sem spila reyndar ekki með sama félagi í deildinni en eiga það sameiginlegt að vera báðar tvítugar og frá Selfossi.

Hrafnhildur Hanna hefur nú átján marka forskot á toppnum en hún hefur skorað 118 mörk eða yfir níu mörk að meðaltali í leik.

Díana Kristín skoraði fjórtán mörk í lokaleiknum og komst þar með upp í 100 mörkin. Hún hefur skorað þau í 12 leikjum og er því með 8,3 mörk að meðaltali í leik.

Báðar hafa þær fimm sinnum skorað tíu mörk eða fleiri í einum leik en Hrafnhildur Hanna á besta leikinn þegar hún skoraði 18 mörk á móti Fylki.

Þær Hrafnhildur Hanna og Díana spiluðu ekki saman með Selfossi í efstu deild því Díana fór snemma í Hauka og spilaði einnig með Fylki áður en hún samdi við Fjölni síðasta sumar.

Hrafnhildur skipti í annan gír eftir þrjá fyrstu leikina þar sem hún var með 6,3 mörk að meðaltali. Síðan þá hefur hún skorað 9,9 mörk að meðaltali og aðeins einu sinni undir sjö mörkum.

Frammistaða Hrafnhildar Hönnu á móti efstu liðunum er vissulega athyglisverð. Hún skoraði ellefu mörk á móti báðum efstu liðunum, Gróttu og ÍBV, og þá er hún með 10,4 mörk í leik á móti þeim liðum sem væru inni í úrslitakeppninni ef deildin endaði eins og hún er í dag. Hrafnhildur hefur á móti „aðeins“ skorað 7,5 mörk í leik á móti sex neðstu liðunum.

Hrafnhildur er á góðri leið með að bæta sitt persónulega met frá því í fyrra þegar hún skoraði 159 mörk í 22 leikjum, 7,2 mörk í leik, og varð markadrottning deildarinnar. Hrafnhildur skoraði 5,5 mörk í leik veturinn 2013-14 og er því að taka sitt annað stóra stökk í röð.

Fleiri ungar og stórefnilegar stúlkur eru ofarlega á listanum eins og þær Thea Imani Sturludóttir úr Fylki og Ragnheiður Júlíusdóttir úr Fram en þar eru einnig reynsluboltar eins og þær Kristín Guðmundsdóttir úr Val, Ramune Pekarskyte úr Haukum og Hekla Daðadóttir úr Aftureldingu.

ooj@frettabladid.is

## Markahæstu leikmenn Olís-deildar kvenna

- **Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir** Selfossi 118
- **Díana Kristín Sigmarsdóttir** Fjölni 100
- **Vera Lopes** ÍBV 89
- **Thea Imani Sturludóttir** Fylki 87
- **Kristín Guðmundsdóttir** Val 86
- **Ramune Pekarskyte** Haukum 86
- **Hekla Ingunn Daðadóttir** Aftureldingu 84
- **Ragnheiður Júlíusdóttir** Fram 81
- **Patricia Szölösi** Fylki 77
- **Maria Ines Da Silve Pereira** Haukum 71
- **Helena Rut Örvarsdóttir** Stjörnunni 69
- **Adina Maria Ghidoarca** Selfossi 69
- **Þórhildur Braga Þórðardóttir** HK 69
- **Brynhildur Kjartansdóttir** ÍR 68
- **Sunna María Einarsdóttir** Gróttu 66
- **Stefanía Theodórsdóttir** Stjörnunni 66
- **Birta Fönn Sveinsdóttir** KA/Þór 66
- **Sólveig Lára Kristjánsdóttir** ÍR 64
- **Greta Kavaliuskaite** ÍBV 62
- **Emma Havin Sardarsdóttir** HK 61
- **Íris Ásta Pétursdóttir** Val 60
- **Carmen Palamariu** Selfossi 60
- **Telma Silva Amado** ÍBV 59
- **Berglind Benediktsdóttir** Fjölni 57
- **Jóna Sigríður Halldórsdóttir** Haukum 56
- **Ester Óskarsdóttir** ÍBV 54
- **Heiðdís Rún Guðmundsdóttir** FH 53
- **Drífa Þorvaldsdóttir** ÍBV 51
- **Þórhildur Gunnarsdóttir** Stjörnunni 51
- **Ingibjörg Pálmadóttir** FH 50



Rannsóknamiðstöð Íslands • Rannsóknaráð ríkisins • 1940 - 2015

Sögulegt afmælisþing!

26. nóvember á Hilton Reykjavík Nordica

Um þessar mundir eru 75 ár frá því að Rannsóknaráð ríkisins var sett á stofn með lögum árið 1940.

Til að fagna tímamótunum býður Rannís í samráði við Vísinda- og tækniráð til afmælisþings þann 26. nóvember nk. frá kl. 14.00 til 16.00 á Hilton Reykjavík Nordica, í sal A-B.

Gestum gefst kostur á að skyggnast inn í heim rannsókna, nýsköpunar, menntunar og menningar, rifja upp söguna og horfa til framtíðar, auk þess sem Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs verða afhent.

Vertu velkomin/n á sögulegt afmælisþing!

Dagskrá:

Setning
Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra

Afhending Hvatningarverðlauna Vísinda- og tækniráðs
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra og formaður Vísinda- og tækniráðs

Vísindastarf á tímamótum – staða rannsókna við Háskóla Íslands 1984-2014
Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands

Háskólarannsóknir og nýsköpun. Hvernig verður hugmynd að verðmætri vöru?
Sigríður Ólafsdóttir, sviðsstjóri eftirlitssviðs Lyfjastofnunar

Menntun og mannauður - áskoranir í íslensku menntakerfi
Hermundur Sigmundsson, prófessor í sálfræði við Norska tækni- og vísindaháskólann í Þrándheimi og Háskólann í Reykjavík

Látum stóra drauma verða að veruleika
Sævar Helgi Bragason, verkefnisstjóri vísindamiðlunar hjá Verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands og Katrín Lilja Sigurðardóttir, aðjunkt í efnafræði við Raunvísindadeild Háskólans

Vinsamlegast skráðu þátttöku á vef Rannís, www.rannis.is

VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐ

rannís

# TÍMAMÓT

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Hlöðver Ingvarsson**

Laufrima 6, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi
22. nóvember síðastliðinn.

**Ragna Hjaltadóttir**
**dætur, tengdasonur og barnabörn.**

---



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Ida Sigríður Daníelsdóttir**

andaðist á Hrafnistu í Reykjavík
16. nóvember síðastliðinn.
Útförin fer fram frá Dómkirkjunni
í Reykjavík þann 25. nóvember kl. 13.00.

**Guðmundur Magnússon**
**Kristín Magnúsdóttir**
**Þorleifur Magnús Magnússon** **Sigríður Matthíasdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Tryggvi Þorsteinsson**

læknir,

lést á Landspítalanum
mánudaginn 23. nóvember.
Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju
mánudaginn 30. nóvember kl. 13.00.

**Hjördís Björnsdóttir**
**Guðjón Sch. Tryggvason** **Sigrún Stefánsdóttir**
**Laufey Tryggvadóttir** **Þorgeir S. Helgason**
**Hildur Tryggvadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**Þóra Haraldsdóttir**

Vesturbergi 52,

er lést 14. nóvember síðastliðinn,
verður jarðsungin frá Fella- og Hólakirkju
fimmtudaginn 26. nóvember kl. 13.00.

**Óskar Ármannsson**
**Haraldur Bjarni Óskarsson**
**Harpa Óskarsdóttir** **Jens Pétur Kjartansson**
**Óskar Ingi Jensson** **Elías Bjarni Jensson**

---



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð
og vinarhug við andlát
og útför elskulegrar eiginkonu,
móður, tengdamóður og ömmu,

**Guðrúnar Birnu Þorsteinsdóttur**

Skildinganesi 58.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heimahlynningar og
líknardeildar LHS fyrir einstakt viðmót og umönnun.

**Gunnar I. Hafsteinsson**
**Sigrún Magnea Gunnarsdóttir** **Benedikt Magnússon**
**Bergljót Soffía, Inga Birna, Freyja Dís og Lóa Mjöll**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli
og útfarir má senda á netfangið
**timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is**
eða hringja í síma 512 5000.

---



†

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda
samúð og vináttu við fráfall okkar
elskulegu móður, tengdamóður,
ömmu og langömmu,

**Helgu Sigurjónsdóttur**

Hrafnistu Hlévangi,
áður Kirkjuvegi 1, Keflavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hlévangs fyrir einstaka
umönnun og hlýju.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Jónína Guðmundsdóttir og Oddur Sæmundsson**

---



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**María Ásbjörnsdóttir**

Borgarbraut 65a, Borgarnesi,

andaðist í Brákarhlíð
laugardaginn 21. nóvember.

**Jónína K. Eyvindsdóttir** **Magnús Kristjánsson**
**Drífa Eyvindsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



†

Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Dagrún Þorvaldsdóttir**

áður til heimilis að
Katrínarlind 4, Reykjavík,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Hömrum
sunnudaginn 22. nóvember sl.
Útförin fer fram frá Fríkirkjunni fimmtudaginn
3. desember kl. 15.00.

**Björgvin Guðmundsson**
**Þorvaldur Björgvinsson**
**Guðmundur Björgvinsson**
**Björgvin Björgvinsson** **Pirjo Aaltonen**
**Þórir Björgvinsson** **Unnur Kristjánsdóttir**
**Rúnar Björgvinsson** **Elín Traustadóttir**
**Hilmar Björgvinsson** **Sjöfn Marvinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Örlygur Ívarsson**

tæknifræðingur,
Kvistagerði 6, Akureyri,

andaðist fimmtudaginn
19. nóvember síðastliðinn.
Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju
mánudaginn 30. nóvember kl. 13.30.

**Bryndís Þorvaldsdóttir**
**Ormarr Örlygsson** **Valgerður Vilhelmsdóttir**
**Þorvaldur Örlygsson** **Ólöf Mjöll Ellertsdóttir**
**Harpa María Örlygsdóttir** **Andri Stefánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurður Einar Björn Karlsson**

málarameistari,
Ekrusmára 21,

lést laugardaginn 14. nóvember. Útförin fer fram frá
Digraneskirkju föstudaginn 27. nóvember kl. 15.00.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð
MND félagsins, sími 565 5727, reikningsnr. 0516-26-5445,
kt. 630293-3089.

**Hjördís Ólafsdóttir**
**Karl Sigurðsson** **Heiðbjört Gylfadóttir**
**Gunnar Sigurðsson** **Kristín H. Hafsteinsdóttir**
**Anna Sigurðardóttir** **Elías Víðisson**
**Linda Margrét, Eyþór Ingi, Gylfi Freyr, Sigurður Egill,**
**Elías Karl, Óðinn, Máni, Bjartur og Óskírð Gylfadóttir**

---



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Torfi Guðbrandsson**

fyrrverandi skólastjóri,

lést laugardaginn 21. nóvember á
Hjúkrunarheimilinu Ísafold.
Útförin fer fram frá Digraneskirkju
mánudaginn 30. nóvember kl. 13.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarfélag
lamaðra og fatlaðra.

**Aðalbjörg Albertsdóttir**
**Björn G. Torfason** **Bjarnheiður J. Fossdal**
**Óskar A. Torfason** **Guðbjörg Hauksdóttir**
**Snorri Torfason** **Inga Dóra Guðmundsdóttir**
**Ragnar Torfason** **Erna Guðrún Gunnarsdóttir**
**Fríða Torfadóttir** **Jón Magnús Kristjánsson**
**Guðbrandur Torfason** **Dóra Björg Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Jóhannes Kristinsson**

frá Borgarfirði eystri,
til heimilis að Hraunbæ 102d,
Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu
Droplaugarstöðum 18. nóvember sl.
Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju
föstudaginn 27. nóvember nk. kl. 13.00.

**Kristinn Jóhannesson** **Brynja Pála Helgadóttir**
**Steingrímur Jóhannesson**
**Sóldís Dröfn Kristinsdóttir** **Baldur Freyr Stefánsson**
**Kristinn Andri Kristinsson** **Jóhannes Smári Kristinsson**
**Fanney Rán Arnarsdóttir**

---



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Steingerður Sólveig Jónsdóttir**

Grænavatni, Mývatnssveit,

sem lést fimmtudaginn 12. nóvember,
verður jarðsungin frá Skútustaðakirkju
laugardaginn 28. nóvember kl. 14.00.

**Jónas Helgason** **Guðrún Bjarnadóttir**
**Haraldur Helgason** **Freyja Kristín Leifsdóttir**
**Þórður Helgason** **Helga Þyri Bragadóttir**
**Árni Hrólfur Helgason** **Kristín List Malmberg**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



†

Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir og afi,

**Gísli Jóhann Viborg Jensson**

Sóleyjarima 5,

andaðist 22. nóvember á líknardeild
Landspítalans í Kópavogi.
Jarðarför fer fram föstudaginn 4. desember
kl. 15.00 í Grafarvogskirkju.

**Þórunn Elísabet Stefánsdóttir**
**Anna María Gísladóttir** **Ingólfur Jón Hauksson**
**Einar Gísli Þorbjörnsson**
**Þorbjörn Jóhann Þorbjörnsson**

---



†

Elskuleg frænka okkar,

**Sesselja Guðmundsdóttir**

lengst af til heimilis að
Grundarstíg 5, Reykjavík,

lést að Hjúkrunarheimilinu Eiri
þann 21. nóvember.
Útförin fer fram frá Fossvogskapellu
föstudaginn 27. nóvember kl. 11.00.
Blóm vinsamlega afþökkuð, en þeim sem vilja minnast
hennar er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Guðrún Birna Guðmundsdóttir**
**Vigdís Klara Aradóttir**
**Halldóra Æsa Aradóttir**
**og fjölskyldur.**


Nóvemberdagar
-hagstæð innkaup til gjafa og heimilis
BRAUN Hársnyrtitæki
Verð: 29.900,-
Verð: 26.900,-
Verð: 7.900,-
AEG
Margar gerðir ryksuga í ýmsum litum.
20% afsláttur
SteamOne
SteamOne er sáraeinfalt í notkun og ekki tekur nema eina mínutu að gera tækið klárt fyrir afkastamikla gufusléttun á hvaða efni sem er, eða bara til að drepa rykmaurinn í rúminu.
15% afsláttur
Afsláttarverð: 33.900,-
AEG
Skaftryksugan frá AEG er snúrulaus og þægileg í notkun, hljóðlát og öflug.
20% afsláttur
bodum
Átta bolla pressukanna og hitakanna í senn.
Verð: 12.900,-
bodum
Gæða pressukönnur sem prýði er að, í góðu úrvali.
Allinox
Góðir og stórir stálpottar á fínu verði.
Stærðir: 9, 11, 13,5, 16, 19 ltr.
NIVONA
NI300 600 626
Endingargóð kaffivél til heimilisnota frá traustum framleiðanda.
Verð: 69.900,-
AEG
Þvottavél
LW87680
8 KG. - 1600 SN.
Verð áður kr. 169.900,-
Tilboð kr. 129.900,-
AEG
Uppþvottavél
FSILENCW2P
Hvít verð áður kr. 129.900,-
Tilboð kr. 99.500,-
Stál verð áður kr. 139.900,-
Tilboð kr. 109.900,-
brabantia
TouchBin
Þessar snjöllu ruslafötur eru sívinsælar og koma reglulega í nýjum litum.
SAMSUNG
ULTRA HD
Samsung SMART TV
The Future of Smart TV, Now
24/25 Bestu sjónvörpin
JU6415:
• 4K
• UHD
• SMART
• 1000 PQI
JU6675:
• 4K
• UHD
• SMART
• 1300 PQI
UE40"JU6415 kr.159.900.-
UE48"JU6415 kr.189.900.-
UE55"JU6415 kr. 239.900.-
UE40"JU6675 kr.169.900.-
UE48"JU6675 kr. 199.900.-
UE55"JU6675 kr. 279.900.-
Curved
ULTRA HD
24/25 Bestu sjónvörpin
SAMSUNG
Pioneer PIX-HM32V-K
Pioneer Hljómtækjasamstæða með Bluetooth
Verð: 52.500,-
Pioneer dv 2240
DVD spilari
Verð: 10.900,-
Wii U
Þessi leikjatölva hefur slegið rækilega í gegn og var kosin leikjatölva ársins 2015 af Forbes.
Verð: 69.900,-
Leikir frá kr. 4.990,-
Splatoon
Super Smashbros
Mario Party 10
NINTENDO 3DS
Þessar vinsælu leikjatölvur eru komnar í nýrri útgáfu, með betri stjórnun, stærri skjá og öflugri. Til í nokkrum litum.
Gott úrval leikja.
Verð: 39.900,-
XL
Verð: 46.900,-
ormsson.is
FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
Opið virka daga kl. 10-18 og á laugardögum kl. 11-15.
ORMSSON Greiðslukjör
Vaxtalaust í allt að 12 mánuði
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500
SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038
ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333
TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211
OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655

# 10. DESEMBER 2015

# JÓLAHÁTÍÐ

## FATLAÐRA

Fimmtudaginn 10. des. verður jólahátíð fatlaðra
haldin í 33. sinn á Hilton Reykjavik Nordica kl. 20

Hljómsveitin Toppmenn sér um undirleik.
Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts undir stjórn
Snorra Heimissonar leikur létt lög í anddyri frá 19:15

***Húsið verður opnað klukkan 19:00 og dagskrá lýkur um klukkan 21:30***


Laddi


Alda Dís


Ingó


Þór Breiðfjörð


Felix Bergsson


Sigga Beinteins


Hreimur


Sigmundur Ernir


Jónína Aradóttir


Friðrik Dór


Jón Jónsson


Páll Rósinkrans


André Bachmann


Heiða Ólafs.


Bjarni Þór

*Kynnir er Sigmundur Ernir Rúnarsson Rithöfundur*
*Hljóðstjórn er í höndum Jóns Skugga*
*Heiðursgestir: Forsætisráðherra Hr: Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Frú Anna Sigurlaug Pálsdóttir.*

*Að venju eru aðstandendur hvattir til að mæta með sínu fólki.*

Grænn Markaður · Prince Polo · Coca-Cola · Nói Síríus · Happdrætti Háskóla Íslands · Hilton Reykjavik Nordica · VOX Restaurant

**Hvað?** Lísa í Undralandi – 150 ára afmælishátíð, saga og bíó
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Bókasafn Kópavogs, Hamraborg
Í dag verður sýnd teiknimynd um Lísu í Undralandi í Kórnum á fyrstu hæð. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. Einnig er boðið upp á Lísu í Undralandi í sögustund fyrir yngstu börnin klukkan 10.00.

**Hvað?** Börn og bækur
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Bókasafn Seltjarnarness
Verðlaunahöfundurinn Bergrún Íris Sævarsdóttir les upp úr bók sinni Viltu vera vinur minn? Bergrún Íris fjallar um það hvernig bók verður til allt frá fyrstu skissum þar til hún kemur fullsköpuð úr prentsmiðju. Um er að ræða létt og skemmtilegt spjall um starf teiknarans, barnabækur, hvað það er sem einkennir góða persónusköpun og fleira tengt bókaútgáfu. Boðið verður upp á gómsætar og hollar veitingar fyrir börnin. Allir velkomnir.

## Tónlist

**Hvað?** Afmælistónleikar lúðrasveitarinnar Svansins
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Norðurljósasalur Hörpu
Fyrir skemmstu fagnaði Svanurinn áttatíu og fimm ára afmælinu og heldur af því tilefni tónleika í Hörpu, þar sem leikin verður kvikmyndatónlist úr ýmsum áttum. Sem dæmi má nefna Óperudrauginn í Phantom of the Opera, Jack Sparrow úr Pirates of the Caribbean og hver veit nema það verði einhverjir kúrekar á svæðinu. Nýr stjórnandi, Carlos Caro Aguilera, tók við Svaninum í haust og stjórnar sveitinni nú á sínum fyrstu tónleikum með henni. Miðaverð er 3.000 krónur. Miðasala á tix.is.

## Dans

**Hvað?** Jólasýning framhaldsdeildar Listdansskóla Íslands
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Austurbær
Jólasýningin fer fram í kvöld og á efnisskránni verða verk þekktra danshöfunda í bland við verk eftir kennara skólans. Rómantík, kómík og flottur dans. Aðgangseyrir 2.000 krónur.

## Námskeið

**Hvað?** Námskeið í jólakonfektgerð
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Hagkaup, Holtagörðum
Farið verður í alla grunnþætti konfektgerðar og fá þátttakendur að búa til sína eigin mola og taka þá svo með sér heim. Allt hráefni er innifalið í námskeiðsgjaldi, sem er 4.900 krónur, og stendur námskeiðið yfir í tvær klukkustundir. Allir hjartanlega velkomnir.

## Tónlist

**Hvað?** Pétur Ben og Snorri Helga
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Naustinni
Pétur og Snorri vinna nú báðir hörðum höndum að nýjum plötum en láta það ekki stoppa sig í að koma fram í kvöld. Eru talsverðar líkur á að þeir taki saman einhver lög. Aðgangseyrir 2.000 krónur.

**Hvað?** Pola Rice og VAR halda tónleika
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kex hostel
Hljómsveitin Pola Rice frá Póllandi og íslenska sveitin VAR munu slá upp tónleikum á Kexi í kvöld. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Tónleikar Hamrahlíðarkórsins í Kristskirkju
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Landakotskirkja
Í kvöld heldur Hamrahlíðarkórinn, undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur, tónleika í Kristskirkju. Flutt verða verk eftir íslensk og erlend tónskáld frá hinum ýmsu tímum. Mun hin heilaga María leika ansi stórt hlutverk. Meðal annars verða flutt verk eftir Atla Heimi Sveinsson, Arvo Pärt, Þorkel Sigurbjörnsson og J.S. Bach. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Nóvemberkvöld
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Fríkirkjan í Reykjavík
Söngkonan Guðrún Gunnarsdóttir mun í kvöld (ekki í gærkvöld líkt og kom fram í Fréttablaðinu í gær) flytja lög sem hún hefur sungið á sínum þrjátíu ára ferli Athyglin beinist nú að rólegum og fallegum lögum. Guðrúnu til halds og trausts verða þeir Gunnar Gunnarsson píanóleikari og Þorgrímur Jónsson kontrabassaleikari. Aðgangseyrir 3.000 krónur. Allir velkomnir.





Ívar Pétur hefur þeytt skífum á Kaffibarnum í langan tíma og finnst því gráupplagt að fá til sín góða gesti þangað. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Þakkar innblásurunum á Kaffibarnum

„Mér fannst svo mikið feimnismál fyrir fólk að bera kennsl á áhrifavalda sína, og segja bara opinberlega „takk, þú ert æði og ég fæ innblástur frá þér". Senan er svo lítil hérna heima svo það myndast ekki oft pláss fyrir svoleiðis, svo ég ákvað að búa það til og pakka bara fyrir mig," segir tónlistarmaðurinn Ívar Pétur Kjartansson, sem í kvöld stendur fyrir viðburðinum Ívar Pétur undir áhrifum. „Þetta er í fjórða skiptið sem ég stend fyrir þessum, hálfgerða gjörningi, og þetta hefur alltaf verið ofboðslega skemmtilegt," bendir Ívar Pétur á, en Ívar Pétur undir áhrifum fer fram á Kaffibarnum, þar sem hann tekur á móti listafólki úr öllum áttum sem hafa haft á hann áhrif í hans eigin sköpun.

Ívar Pétur segir afar auðvelt að fá listamenn til að samþykkja að eyða með honum kvöldstund, en hins vegar sé það þrautin þyngri að finna tíma. „Það eru allir til í að vera með, og oftar en ekki enda ég með langan lista af fólki sem langar að koma næst," segir hann og skellir upp úr.

„Í kvöld verður Kristján Freyr Halldórsson með mér, einn þessara stóru á bak við hátíðina Aldrei fór ég suður. Við eigum saman þetta landsbyggðarelement, en ég kem frá Seyðisfirði og hann frá Ísafirði. Hann hlustaði á Bloody Valentine í fyrirpartíunum og fór svo á ball með Nýdanskri, rétt eins og þetta var hjá mér. Maður hafði ekki úr öllum þessum tónleikastöðum að velja líkt og þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu," útskýrir Ívar og skýtur að: „Maður lét sér bara Sálina hans Jóns míns nægja, og við erum sammála um að maður er þakklátur fyrir þann bakgrunn."

Ívar Pétur býður alla hjartanlega velkomna á Kaffibarinn í kvöld, þar sem hann mun skemmta sér og öðrum. Aðgangur er ókeypis. – ga


KIA | Ábyrgð fylgir!
Allt að 7 ára ábyrgð fylgir notuðum Kia**




Kia Sportage EX
Árgerð 2014, ekinn 105 þús. km, dísil, 136 hö, sjálfskiptur.
4.490.000 kr.




Kia cee'd SW 1.6
Árgerð 2013, ekinn 34 þús. km, dísil, 128 hö, beinskiptur.
3.250.000 kr.
42.777 kr. á mánuði*




Kia Carens EX 1.7
Árgerð 2014, ekinn 67 þús. km, dísil, 136 hö, sjálfskiptur.
3.890.000 kr.
50.777 kr. á mánuði*




Kia cee'd EX 1.6
Árgerð 2014, ekinn 12 þús. km, dísil, 128 hö, sjálfskiptur.
3.950.000 kr.
51.777 kr. á mánuði*




Kia Sorento Classic
Árgerð 2014, ekinn 43 þús. km, dísil, 198 hö, sjálfskiptur.
5.990.000 kr.
78.777 kr. á mánuði*

*Mánaðargreiðsla m.v. 70% bílalán í 72 mánuði. Vextir 9,25% og árleg hlutfallstala kostnaðar er 11%.
**Ábyrgð er í 7 ár frá skráningardegi bifreiðar.

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR
www.notadir.is

Klettháls 2
110 Reykjavík
590 2160

Opnunartími:
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16

# DAGSKRÁ

## Miðvikudagur



**19:50**

**HEIMSÓKN**

Elma Stefanía Ágústsdóttir, leikkona og Mikael Torfason, rithöfundur fluttu í raðhús í Seljahverfinu og tóku allt í gegn fyrir minna en tvær milljónir króna. Sindri fylgdist með ferlinu og við sjáum afraksturinn í þessum skemmtilega þætti.

FRÁBÆR MIÐVIKUDAGUR

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

**20:20**

**COVERT AFFAIR**

Skemmtileg þáttaröð um CIA fulltrúana Annie og Auggie og flókið samband þeirra innan og utan vinnunar.



**21:05**

**GREY'S ANATOMY**

Frábær þáttaröð um ungu og efnilegu læknana á Grey Sloan spítalanum en einkalíf þeirra er ekki alltaf í samræmi við hæfileika þeirra í starfi.



**21:50**

**BLINDSPOT**

Ung kona finnst á Times Square, algjörlega minnislaus og líkami hennar þakinn húðflúri. Alríkislögreglan rannsakar málið.



**22:00**

**VERONICA MARS**

Veronica Mars starfar sem lögfræðingur í New York og ákveður að hjálpa gömlum vini sínum sem er sakaður um morð.



**3 | 20:20**

**MAYDAY: DISASTERS**

Vandaðir heimildaþættir sem fjalla um flugslys, flugrán, sprengjuhótanir um borð í vélum og aðrar hættur sem hafa komið upp í háloftunum.



**Krakkastöðin | 19:00**

**LÍNA LANGSOKKUR**

Skemmtileg teiknimynd um hina uppátækjasömu Línu Langsokk og vini hennar, Tomma og Önnu.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is

### STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.40** Big Time Rush
**08.05** The Middle
**08.25** The Crazy Ones
**08.50** Friends With Better Lives
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Spurningabomban
**11.15** Ljósvakavíkingar - Stöð 2
**11.50** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** Nashville
**13.40** Nashville
**14.25** White Collar
**15.10** Project Greenlight
**15.45** Bara grín
**16.10** Big Time Rush
**16.35** Sullivan & Son
**16.55** Raising Hope
**17.20** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** Simpson-fjölskyldan
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag
**19.20** Víkingalottó
**19.25** Mindy Project
**19.50** Heimsókn
**20.20** Covert Affairs
**21.05** Grey's Anatomy
**21.50** Blindspot
Hörkuspennandi þættir um unga konu sem finnst á Times Square en hún er algjörlega minnislaus og líkami hennar er þakinn húðflúri. Alríkislögreglan kemst að því að hvert húðflúr er vísbending á glæp sem þarf að leysa.
**22.35** Bones 10
**23.20** Real Time with Bill Maher
**00.20** NCIS
**01.00** The Blacklist
**01.45** The Player
**02.30** Stalker
**03.15** One in the Chamber
**04.45** Batman & Robin

### SPORT

**08.45** Meistaradeildarmörkin
**09.20** Meistaradeildarmörkin
**09.55** Real Madrid - Barcelona
**11.40** Barcelona - AS Roma
**13.25** Bayern München - Olympiakos
**15.10** Maccabi Tel-Aviv - Chelsea
**16.55** Arsenal - Dinamo Zagreb
**18.40** Meistaradeildarmörkin
**19.15** Meistaradeildarkvöld
**19.40** Man. Utd. - PSV Eindhoven
**21.45** Meistaradeildarmörkin
**22.30** Juventus - Man. City
**00.20** Malmö - PSG

### SPORT 2

**11.30** Premier League Review 2015
**12.25** Newcastle - Leicester
**14.10** Football League Show 2015/16
**14.40** Everton - Aston Villa
**16.20** Messan
**17.35** WBA - Arsenal
**19.20** Man. City - Liverpool
**21.05** Manstu
**21.40** Middlesbrough - QPR
**23.20** Tottenham - West Ham

### GOLFSTÖÐIN

**08.00** RSM Classic
**11.00** DP World Tour Championship
**15.40** Golfing World 2015
**16.30** RSM Classic
**20.10** Golfing World 2015
**21.00** DP World Tour Championship

### STÖÐ 3

**18.00** Clipped
**18.20** Sullivan & Son
**18.45** Top 20 Funniest
**19.30** Ground Floor
**19.55** Schitt's Creek
**20.20** Mayday. Disasters
**21.10** Last Ship
**21.55** The Last Man on Earth
**22.15** Flash
**23.00** Gotham
**23.45** Arrow
**00.30** Ground Floor
**00.50** Schitt's Creek
**01.15** Mayday. Disasters
**02.00** Last Ship
**02.45** The Last Man on Earth
**03.05** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

### KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveins
**07.49** UKI
**07.54** Rasmus Klumpur og félagar
**08.00** Ævintýri Tinna
**08.23** Brunabílarnir
**08.47** Latibær
**09.00** Ljóti andarunginn og ég
**09.25** Lukku-Láki
**09.47** Ævintýraferðin
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.45** Doddi litli og Eyrnastór
**10.55** Leyndarmál vísindanna
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveins
**11.49** UKI
**11.54** Rasmus Klumpur og félagar
**12.00** Ævintýri Tinna
**12.23** Brunabílarnir
**12.47** Latibær
**13.00** Ljóti andarunginn og ég
**13.22** Lukku-Láki
**13.44** Ævintýraferðin
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.45** Doddi litli og Eyrnastór
**14.55** Leyndarmál vísindanna
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveins
**15.49** UKI
**15.54** Rasmus Klumpur og félagar
**16.00** Ævintýri Tinna
**16.23** Brunabílarnir
**16.47** Latibær
**17.00** Ljóti andarunginn og ég
**17.22** Lukku-Láki
**17.44** Ævintýraferðin
**18.00** Dóra könnuðu
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.55** Tommi og Jenni
**19.00** Gnómeó og Júlía
19:00 Lína Langsokkur

### GULLSTÖÐIN

**18.15** The Big Bang Theory
**18.40** Friends
**19.05** Modern Family
**19.25** New Girl
**19.50** Frikki Dór og félagar
**20.15** Tekinn 2
**20.45** Chuck
**21.30** Klovn
**22.00** Cold Case
**22.45** Cold Feet
**23.35** The Sopranos
**00.20** Broadchurch
**01.10** Frikki Dór og félagar
**01.30** Tekinn 2
**02.00** Chuck
**02.40** Klovn
**03.05** Cold Case
**03.50** Cold Feet
**04.40** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

### BÍÓSTÖÐIN

**11.15** Sophia Grace and Rosie's Royal Adventure
**12.35** Moulin Rouge
**14.45** Jack the Giant Slayer
**16.40** Sophia Grace and Rosie's Royal Adventure
**18.00** Moulin Rouge
**20.05** Jack the Giant Slayer
**22.00** Veronica Mars
**23.50** Transformers. Age of Extinction
**02.35** Walk of Shame
**04.10** Veronica Mars

### RÚV

**17.15** Landinn
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** Disneystundin
**17.56** Finnbogi og Felix
**18.18** Sígildar teiknimyndir
**18.25** Herkúles
**18.50** Krakkafréttir
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.10** Hæpið
**20.40** Kiljan
**21.30** Dagbók læknis
Vandaðir breskir þættir byggðir á smásögum eftir Mikhail Bulgakov. Í upphafi 20. aldar er nýútskrifaður unglæknir frá Moskvuborg sendur í lítið rússneskt þorp þar sem hann á að sinna heilsugæslu. Þættirnir lýsa daglegu lífi læknisins og samskiptum hans við samstarfsfólk og misgæfulega skjólstæðinga sína. Aðalhlutverk: Daniel Radcliff, Jon Hamm og Rosie Cavaliero. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Þegar hjörtun slá í takt
**23.10** Flóttafólkið
**00.05** Kastljós
**00.35** Fréttir
**00.50** Dagskrárlok

### SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** Kitchen Nightmares
**09.50** Generation Cryo
**10.35** Pepsi MAX tónlist
**13.30** Cheers
**13.55** Dr. Phil
**14.35** Black-ish
**15.00** Jane the Virgin
**15.45** America's Next Top Model
**16.25** Solsidan
**16.45** Life in Pieces
**17.05** Grandfathered
**17.30** The Grinder
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**19.10** The Late Late Show with James Corden
**19.50** Odd Mom Out
**20.15** Survivo
**21.00** Code Black
**21.45** Undercover Bridesmaid
**23.20** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**00.00** The Late Late Show with James Corden
**00.40** Agent Carter
**01.25** Scandal
**02.10** How to Get Away With Murder
**02.55** Code Black
**03.40** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**04.20** The Late Late Show with James Corden
**05.00** Pepsi MAX tónlist

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# „Ein besta bók höfundar.“

Ásdís Sigmundsdóttir / Fréttablaðið

„Sprúðlandi fjörug frásögn.“

Egill Helgason
Kiljan

„Glimrandi skemmtileg bók.“

Friðrika Benónýsdóttir
Kiljan

„Við getum mælt með henni, það er alveg öruggt.“

Sigurður G. Valgeirsson
Kiljan

„Hér heldur þroskaður höfundur á penna ...“

Þorgeir Tryggvason
Kjarninn




„... sett fram af miklum hallgrímskum krafti.“

Gunnþórunn
Guðmundsdóttir
Bokmenntir.is

„Frábærlega klikkuð saga af skipbroti í framandi borg.“

Norddeutscher Rundfunk

„Þessi skáldsaga býður upp á hina bestu skemmtun.“

Süddeutsche Zeitung

„Stórskemmtileg og söguþráðurinn óborganlegur ... einn allra skemmtilegasti, frumlegasti og frjóasti rithöfundur landsins.“

Steinunn Inga Óttarsdóttir / Kvennablaðið

„Költhöfundur Íslands er mættur með hraða og beitta þroskasögu.“

Dresdner Neueste Nachrichten

„Ímyndunarafl Hallgríms Helgasonar er óendanlegt, og stíllinn óendanlega skemmtilegur.“

Nachrichten.at

www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39

# Óska eftir gestum sem þau gera grín að

Saga Garðarsdóttir og Halldór Halldórsson halda nú suður með sýningu sína. Þeim er ekkert heilagt en þau segjast mest gera grín hvort að öðru. Þau hafa sett saman lista yfir þá sem þau vilja fá á sýninguna; fólk sem þau gera grín að.

Ef við ætlum að gera grín að öllum öðrum, verðum við líka að geta gert grín að okkur sjálfum," segir Saga Garðarsdóttir, sem fer með annað aðalhlutverkið í sýningunni Þetta er grín, án djóks. Saga og Halldór Halldórsson, einnig þekktur sem Dóri DNA, gera þar grín að fjölmörgum þjóðþekktum einstaklingum og hópum. „En ætli við séum ekki verst hvort við annað," segir Saga og hlær.

### Óskalisti yfir gesti

Á laugardaginn koma þau Saga og Dóri fram í Eldborgarsalnum í Hörpu, en verkið er sviðsetning Leikfélags Akureyrar og hefur verið sýnt þar í Hofi. Af því tilefni hafa þau sett saman óskalista yfir gesti sem þau vilja fá á sýninguna. Fólk sem þau Saga og Dóri gera grín að. Meðal þeirra sem eru á listanum eru Logi Bergmann, Katrín Jakobsdóttir, Laddi, Freyja Haraldsdóttir, Kári Stefánsson, Hanna Birna, Helgi Hrafn og „aðrir kynþokkafullir píratar", að þeirra sögn.

### Viðurkenning í gríninu

„Fólk verður að gera sér grein fyrir því að það felst líka kraftur í því að láta gera grín að sér. Í því felst oft viðurkenning að aðrir telja þig þola grínið. Það er ekki verið að koma fram við þig eins og aumingja. Ég er á þeirri skoðun að það megi gera grín að öllu, svo lengi sem þú getur tekið afleiðingum gríns-ins. Ef þú vilt vera fávitinn sem segir smekklausan brandara á kostnað einhvers sem ekki getur varið sig, þá er það bara þitt mál. Þá verður þú líka að geta tekið afleiðingunum; dómi samfélagsins. Það er alveg nóg til af fólki sem vill dæma aðra, allt morandi í dómurum," útskýrir Saga. „Grín getur verið valdeflandi, það getur verið hjálparhönd, það getur líka verið þung sleggja og bara þakklátt bull. Allt eftir aðstæðum."

### Hefur áhyggjur af Dóra

Saga segir það vera geggjað að fá að sýna í Eldborgarsalnum, en sýningin á laugardaginn er eina fyrirhugaða sýningin þar. „Menn voru að velta því fyrir sér hvort þetta væri fyrsta leiksýningin í Eldborg, en ég minnti á að ég setti þar upp Þrymskviðu á esperanto, á esperantoráðstefnu sem haldin var í Hörpu. Vissulega var það svolítið óaðgengilegri sýning."

Saga segist þó hafa nokkrar áhyggjur af því að fara úr Hofi á stærra svið í Hörpu. „Ég hef miklar áhyggjur af því að ekkert muni heyrast í Dóra. Hann er náttúrulega ekki menntaður leikari. Mig grunar svolítið að línurnar hans muni fara fyrir ofan garð og neðan."



Saga og Dóri gera grín að nánast öllu og þá helst sjálfum sér. MYND/AUÐUNN NÍELSSON

> FÓLK VERÐUR AÐ GERA SÉR GREIN FYRIR ÞVÍ AÐ ÞAÐ FELST LÍKA KRAFTUR Í ÞVÍ AÐ LÁTA GERA GRÍN AÐ SÉR. Í ÞVÍ FELST OFT VIÐURKENNING AÐ AÐRIR TELJA ÞIG ÞOLA GRÍNIÐ. ÞAÐ ER EKKI VERIÐ AÐ KOMA FRAM VIÐ ÞIG EINS OG AUMINGJA.

### Fjölskyldusýning

Makar þeirra Sögu og Dóra koma að sýningunni, en Snorri Helgason, kærasti Sögu, sér um tónlistina og Magnea Guðmundsdóttir, eiginkona Dóra, sér um leikmynd og búninga. „Ég get eiginlega ekki lýst þessu öðruvísi en að það sé svolítill „Brady Bunch"-filingur í þessu. Svo fengum við líka draumaleikstjórann Jón Pál Eyjólfsson með okkur. Hann er sko skilgreiningin á erfiðum húmor," segir Saga og hlær.

Sýningin hefur fengið frábæra dóma og hefur verið vel sótt fyrir norðan. „Það hefur verið uppselt á flestar sýningar, annars bara verið örfá sæti laus. Maður hefur heyrt af mörgum sem hafa gert sér ferð norður, sem okkur þykir vænt um. Einhverjir hafa líka gengið út. Það er líka gaman. Þetta er sýning um mörk og ef einhverjum finnst yfir þau farið þá er sjálfsagt að ganga út. Það er alltaf gott að þekkja sín mörk. En þetta er verk um fólk sem gerir það ekki," bætir Saga við.

### Hvort er meiri frekja?

Saga segir samstarfið við Dóra hafa verið ótrúlega ánægjulegt. „Dóri fær mann til að hlæja frá hjartanu. Hann er náttúrulega alveg ótrúlega fyndinn. Og klár og einn besti vinur minn." Hún segir að einhverjir hafi velt því fyrir sér hvort þeirra sé frekara. Hún segir þau bæði vilja fá sínu framgengt, en að þau hafi mjög ólíkar aðferðir til þess. „Hann kynnir hugmyndir sínar alltaf eins og þær séu algjör snilld. Hann setur fólk í stellingar áður en hann kynnir þær og þvingar þær svo eiginlega líkamlega í gegn. Ég er meira í því að byrja rólega en halda mínu svo bara til streitu þangað til fólk gefst upp, ég sigra á sálfræðihernaði. Þetta hefur því verið afar fjölbreytilega frekt samstarf," segir Saga og hlær.

## Óskagestalistinn

Brynjar Níelsson
Laddi
Helga Braga
Megas
Hanna Birna
Össur Skarphéðinsson
Bjarni Ben
Katrín Jakobs
Svandís Svavarsdóttir
Logi Bergmann
Freyja Haraldsdóttir
Fólk með þroskahamlanir
Einar Bárðarson
Múslimar á Íslandi
Anders Breivik
Ari Eldjárn
Elín Hirst
Bubbi Morthens
Geir Ólafs
Leoncie
Gillzenegger
Sjálfstæðiskonur
Helgi Hrafn og aðrir þokkafullir píratar
Kári Stefánsson
Jón Jónsson
Lækna-Tómas
Góða fólkið
Virkir í athugasemdum
Fólk sem notar hugtakið góða fólkið











# Trendið
## Þetta er allt í mynstrinu


Topshop


YDE


Simonetta Ravizza


Very

Hlébarðamynstrið er komið aftur, Anna Wintour, drottningin af Vouge, sagði það með því einu saman að mæta íklædd forláta hlébarðamynstraðri kápu á einn stórfenglegan mannfagnaðinn á sunnudaginn var. Þá er okkur hinum óhætt að láta slag standa, en trendið er vægast sagt vandmeðfarið, þar sem á augabragði geta smekklegheitin snúist upp í andhverfu sína.

Þær Liv Tyler leikkona og ofurfyrirsætan smávaxna, Kate Moss, hafa líkt og Wintour tekið trendið upp á sína arma og gera það listavel. Önnur í skósíðum hlébarðakjól en hin í skemmtilega sniðinni kápu.

Þó talað sé um hlébarðamynstur,


Kate Moss


Anna Wintour


Liv Tyler

þarf ekki nokkur einasti hlébarði að hljóta skaða af umræddu trendi, þar sem ekki þykir minna móðins að klæða sig í faux fur, eða gerviefni. Þannig skarast tvö trend, hlébarðamynstur og dýravernd, sem einmitt er sjóðandi heit um þessar mundir.

Það sem gerir þetta hlébarðamynsturs-trend einkar skemmtilegt er að það er ekki einskorðað við háa hæla og uppstrílun, þó slíkt sé alltaf skothelt. Hlébarðapelsinn kemur nefnilega ljómandi vel út við flatbotna Stan Smith-skó og rifnar gallabuxur, og dálítið sjúskað hár.

FUDGE
Mættu og taktu númer
Rakarastofan Klapparstíg
S: 5513010





Stefán Máni segir það ósk sem rættist að hafa fengið Baldvin Z til þess að leikstýra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Nautið verður sjónvarpssería

Framleiðslufyrirtækið Pegasus hefur gert samning við rithöfundinn Stefán Mána Sigþórsson um kvikmyndarétt á nýjustu skáldsögu rithöfundarins, Nautið. Baldvin Z mun leikstýra og skrifa handrit að sjónvarpsþáttaseríu ásamt fleirum höfundum.

**Fyrir mér var þetta ósk sem rættist, maðurinn sem ég vildi að gerði þetta var algjörlega til í það," segir Stefán Máni alsæll um aðkomu leikstjórans að verkefninu,, en hann hafði samband við Baldvin fyrir rúmu ári þegar drög að bókinni lágu fyrir.**

„Ég fór á Vonarstræti í bíó og var þá að skrifa bókina og var svona kominn með fyrsta brask eins og maður segir. Þegar ég var að horfa á myndina þá hugsaði ég strax: Þetta er rétti maðurinn til að gera bíó úr Nautinu," segir Stefán Máni og bætir við að hann hafi verið hrifinn af ferskum hversdagsleika og áferð Vonarstrætis og í kjölfarið orðið sér úti um netfang Baldvins og sent honum uppkastið.

Upphaflega hugmyndin var að gera kvikmynd úr Nautinu en Baldvin var hrifnari af því að gera sjónvarpsþáttaröð og var Stefán Máni sammála því. „Það hefur aldrei verið gert sjónvarp upp úr mínum verkum áður þannig að þetta er rosa gaman," segir hann og bætir við: „Svo er líka ánægjulegt að geta lokið þessu, bókin er nýkomin í búðir og að geta verið búinn að ganga frá þessu er alveg geggjað."

Þó fljótlega hafi legið fyrir að sjónrænt efni yrði unnið upp úr bókinni segir Stefán Máni að hann hafi ekki skrifað bókina með það sem markmið, slíkt sé ekki vænlegt til árangurs. „Ég áttaði mig fljótlega á því að hún væri hentug í það en það er bara misjafnt. Stundum finnst manni það ekki en ég hafði bara mjög á tilfinningunni að þetta væri eitthvað sem fólk gæti haft áhuga á að sjá."

Nautið er sextánda skáldsaga Stefáns Mána og segir frá sveitastúlkunni Hönnu sem á dramatíska og skrautlega fortíð og flækist í samneyti með óæskilegum aðilum í undirheimum Reykjavíkur. Stefán Máni er þekktur fyrir myrkan stíl og var bók hans Svartur á leik færð í kvikmyndabúning árið 2012, hann segir Nautið einnig vera myrkt og fílar það í tætlur. „Við Baldvin eru miklir dark artistar og erum hrifnir af spennu, myrkri og hraða," segir hann og bætir fljótt við: „Þetta er dark, það er það góða. Ég fíla það í tætlur." gydaloa@frettabladid.is

## HRYLLINGSFLÉTTA

„Þau nálguðust mig með þá hugmynd að þetta ætti að vera bíómynd en möguleikinn á því að gera sjónvarpsseríu úr þessu fannst mér meira spennandi," segir Baldvin og segir fléttuna í bókinni hafa kitlað og bjóða upp á skemmtilega möguleika sem sjónvarpsþáttaseríu.

Baldvin er ekki ókunnur því að leikstýra sjónvarpsþáttaseríum en hann leikstýrði þriðju seríunni af Rétti.

„Ég myndi segja að þetta væri svona spennudrama með smá hryllingstvisti, svona jaðrar við það. Þetta er ekki beinlínis hryllings-genre en þetta er mjög dark og það er alltaf gaman að fara í svona dark hluti," segir Baldvin glaður í bragði.



DORMA
Láttu drauminn rætast
Hafðu það notalegt um jólin
Komdu í Dorma



MEIRA Á dorma.is

NATURE'S DIAMOND heilsurúm
Nature's Diamond heilsudýna með Classic botni og löppum nú á jólatilboði í Dorma.
Verðdæmi:
Stærð: 180x200 cm.
Fullt verð: 204.900 kr.
Aukahlutur á mynd: rúmgafl.
25% AFSLÁTTUR
Nature's Bedding
Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á botni.
Jólatilboð 180 x 200 cm
Aðeins 153.675 kr.

SHAPE DELUXE heilsurúm m/classic botni
Shape deluxe heilsurúm:
• Lagar sig fullkomlega að líkama þínum
• 26 cm þykk heilsudýna
• 2 cm latexlag bólstrað í áklæði
• 4 cm gel memoryfoam
• 4 cm shape memoryfoam
• Non-slip efni á botni dýnunnar
• Engir rykmaurar
• 5 ára ábyrgð!
• Ofnæmisprófuð
• Burstaðir stálfætur

| Stærð cm. | Fullt verð | Jólatilboð |
|---|---|---|
| 100x200 | 129.900 | 103.920 |
| 120x200 | 164.900 | 131.920 |
| 140x200 | 184.900 | 147.920 |
| 160x200 | 209.900 | 167.920 |
| 180x200 | 234.900 | 187.920 |

20% AFSLÁTTUR
Jólatilboð 20% afsláttur

TVENNUTILBOÐ dúnsæng + koddi
O&D dúnsæng – Stóri björn
- 50% dúnn og 50% smáfiður
Fullt verð: 19.900 kr.
+ Dúnkoddi – Stóri björn
Fullt verð: 5.900 kr.
Fullt verð samtals: 25.800 kr.
QUILTS OF DENMARK
JÓLA-TILBOÐ
Aðeins 19.900 kr.

Holtagörðum 512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri 558 1100
Afgreiðslutími
Mán. til fös. frá kl. 10–18
Laugardaga frá kl. 11–16
www.dorma.is
DORMA Láttu drauminn rætast

STÖÐ 3 +ENDALAUST TAL +1 GB Í GSM
1.990 kr.
til 31. desember*
3
FÁÐU STÖÐ 3 Á BETRA VERÐI Í VETUR
Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is
365
*Gildir fyrir eina áskrift. Viðskiptavinir sem taka þessu tilboði fyrir 31. desember halda þessum kjörum í eitt ár.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# MAGNÞRUNGIÐ STÓRVIRKI

## MESTI HILDARLEIKUR SÖGUNNAR Í MÁLI OG MYNDUM







- Gyðingaofsóknir • Hernámið
- Ástandið • Flóttafólk • Siglingar
- Braggar • Slysfarir • Kafbátaógn
- Útrýmingarbúðir • Vetrarstríð
- Njósnir • Stjórnmálaþras
- Björgunarafrek • Skipalestir
- Stéttaátök • Menning og listir
- Leifturstríð • Lýðveldisstofnun
- Nýsköpun • D-dagurinn
- Föðurlandssvikarar • Glæpir
- Kjarnorkuvopn • Friðardagur

Páll Baldvin Baldvinsson, bókmenntafræðingur og menningarrýnir, fléttar þessa einstæðu sögu úr ótal þráðum og byggir á umfangsmikilli heimildaöflun og söfnun ljósmynda.

## Ísland á tímum seinni heimsstyrjaldar

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboð gildir 25 og 26 nóvember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005
Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Maríu Elísabetar Bragadóttur




## Jólasaga

Pabbi trommar glaðlega á stýrið. Feðginin eru á leið í Kringluna að undirbúa jólin. Í bílstólnum situr lítil dúlla. Dúðuð í snjógalla, með gylltar englakrullur og eplakinnarnar gægjast undan lambhúshettu. „Pabbi, ertu nokkuð stressaður?“ spyr sú litla.

„Nei, nei, elskan. Ég hlakka bara til jólanna.“ Barnið hallar aftur augunum og andar léttar. „Þú heldur ekkert að þú þurfir að fullnýta yfirdráttarheimildina svo þú getir keypt koparlita espressovél fyrir mömmu?“ Enn spyr smælkið, smámælt og ómótstæðilegt. Örfínir svitadropar kristallast á enni pabba. „Nei, nei, ljúfan. Ekkert svoleiðis.“ Litli anginn brosir feginsamlega við föður sínum. „Gott. Því Elsa systir tók mömmu hálstaki í gær þegar hún neitaði að kaupa handa henni þrjátíu þúsund króna leðurjakka fyrir litlu jólin í skólanum. Mamma æpti að hún þyrfti fyrst að kaupa nuddstól fyrir þig. Hún sagði að jólin væru aftökupallur neyslufíkla.“

Neðri vörin á pabba titrar ofurlítið. „Svona, vinan. Jólin snúast ekki um pakka. Jólin snúast um að njóta lífsins með þeim sem maður elskar. Og borða góðan mat. Þess vegna er mamma þín á námskeiði núna að læra að gera saltkaramellutrufflur.“

Til samþykkis er smáum kolli kinkað ákaft og bjartri röddu svarað: „Hún sagðist einmitt ætla að stinga höfðinu sínu í ofninn ef hún yrði aftur of sein í fokdýra slökunarjógatímann sinn. Hún segir að þú viljir ekki mæta í slökunarjóga því þú ert karlremba með matarfíkn og vilt ekki vinna í sjálfum þér og skilur ekki núvitund.“ Pabbi keyrir upp á kant. Snarhemlar og gargar: „ÚT MEÐ ÞIG!“ Á eftir fylgir niðurbældur hiksti og brostinni röddu hvíslar hann: „Þú skilur ekki að þetta er hátíð ljóss og friðar.“


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland






**YFIRBURÐIR**
**Fréttablaðsins staðfestir**
**Höfuðborgarsvæðið, meðallestur á tölublað 12–80 ára.** Prentmiðlakönnun Gallup, apr.–jún. 2015





Allt sem þú þarft …






KATRÍNARTÚN 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS
*Verð miðast við flug aðra leið með sköttum, bókunargjald (999 kr.) og töskugjald ekki innifalið.